This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

**Usage guidelines**

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

**About Google Book Search**

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at http://books.google.com/

1. Iceland. Alþing — Biograph[y]

# ALÞINGISMANNATAL

1845—1905

EFTIR

JÓHANN KRISTJÁNSSON

REYKJAVÍK

KOSTNAÐARMAÐUR: JÓHANN JÓHANNESSON

1906

THE NEW YORK
PUBLIC LIBRARY
729860 A
ASTOR, LENOX AND
TILDEN FOUNDATIONS
R 1934 L

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG

# *Formáli.*

*Í riti því, sem hér kemur fyrir almenningssjónir, er getið allra þeirra manna, er setið hafa sem þjóðkjörnir þingmenn eða konungkjörnir á alþingi Íslendinga síðan árið 1845, að það var endurreist, og eins þeirra, sem sátu á þjóðfundinum 1851, og eru þingsetuárin talin frá fyrsta þinginu, sem hlutaðeigandi sat á, og til þess síðasta, hafi ekkert þing liðið á milli, sem hann hefir eigi átt sæti á. Varaþingmannanna er og aðeins getið á þeim þingum, sem þeir sátu á. Þeirra, sem að eins hafa verið kosnir, en aldrei á þing komið, er eigi getið.*

*Rit þetta varð eg að hafa svo stutt sem auðið var, og hefi eg því orðið að sleppu ýmsu, sem mörgum kann að þykja ver farið, eins og t. d. að geta eigi um ýms mikilsverð störf, sem margir þm. hafa haft á hendi, bæði í þarfir hins opinbera og í þarfir ýmsra félaga. Af sömu ástæðu hefi eg og notað mikið skammstafanir og skal þeirra hér getið:*

*Ak. = Akureyrarkaupstaður*
*Árn. = Árnessýsla*
*A-Sk. = Austur-Skaftafellssýsla*
*b. = bóndi*
*Barð. = Barðastrandarsýsla*
*Bessast. = Bessastaðir*
*Borg. = Borgarfjarðarsýsla*
*Dal. = Dalasýsla*
*dbrm. = dannebrogsmaður*

*Eyf.* = *Eyjafjarðarsýsla*
*for.:* = *foreldrar:*
*f.* = *fæddur*
*f. a.* = *forseti alþingis*
*f. e. d.* = *forseti efri deildar*
*f, k. h.* = *fyrri kona hans*
*f. n. d.* = *forseti neðri deildar*
*f. s. þ.* = *forseti sameinaðs þings*
*G.-K.* = *Gullbringu- og Kjósarsýsla*
*Húnv.* = *Húnavatnssýsla*
*Ísf.* = *Ísafjarðarsýsla*
*Ísfjk.* = *Ísafjarðarkaupstaður*
*k.* = *kona*
*k. 1.* = *kona fyrri eða fyrsta*
*k. 2.* = *kona seinni eða önnur*
*k. 3.* = *kona þriðja*
*kgk.* = *konungkjörinn*
*Kh.* = *Kaupmannahöfn*
*k. h.* = *kona hans*
*k¹.* = *kommandör af 1. flokki*
*k².* = — — 2. —
*Mýr.* = *Mýrasýsla*
*N.-Ísf.* = *Norður-Ísafjarðarsýsla*
*N.-Múl.* = *Norður-Múlasýsla*
*N.-Þing.* = *Norður-Þingeyjarsýsla*
*pr.* = *prestur*
*próf.* = *prófastur*
*r. af dbr.* = *riddari af dannebrog*
*Rang.* = *Rangárvallasýsla*
*Rvík.* = *Reykjavík*
*Sfjk.* = *Seyðisfjarðarkaupstaður*
*Sk.* = *Skaftafellssýsla*
*Skagf.* = *Skagafjarðarsýsla*
*s. k. h.* = *seinni kona hans*
*S.-Múl.* = *Suður-Múlasýsla*

*Snæf.* = *Snæfellsnessýsla*
*Strand.* = *Strandasýsla*
*Stúd.* = *útskrifaður*
*S.-Ping.* = *Suður-Pingeyjarsýsla*
*v.* = *veitt, veittur, veiting*
*Vestm.* = *Vestmannaeyjasýsla*
*V.-Ísf.* = *Vestur-Ísafjarðarsýsla*
*V.-Sk.* = *Vestur-Skaftafellssýsla*
*vþm.* = *varaþingmaður*
*þfm.* = *þjóðfundarmaður*
*Þing.* = *Þingeyjarsýsla*
*þm.* = *þingmaður*
† = *dáinn.*

*Rómverska talan þýðir prófseinkun þá, sem hlutaðeigandi hefir fengið, og sé eigi getið, hvar hann hefir tekið próf, þá er það við Kaupmannahafnarháskóla.*

*Til skýringar skal þess og ennfremur getið, að þingmönnunum er raðað eftir þeim nöfnum, sem þeir ganga undir, og eru þau prentuð með breyttu letri.*

*Í viðauka er getið þeirra, sem mætt hafa á alþingi sem fulltrúi konungs, landshöfðingi eða ráðherra. Ennfremur þeirra, sem sátu í embættismannanefndinni í Reykjavík 1839 og 1841, og að síðustu þeirra Íslendinga, sem áttu sæti í ríkisþingi Dana 1848—49.*

*Auk æfiminninga manna, sem prentaðar hafa verið, hefi eg og haft mjög mikinn stuðning af prestþjónustubókum þeim og öðrum skjölum, sem eru í Landsskjalasafninu, og lagt það víðast hvar til grundvallar, enda hefði orðið allerfitt að semja rit þetta, ef þeirra hefði eigi notið við. Þá hafa og ýmsir menn gefið mér margar og mikilsverðar upplýsingar og skal eg sérstaklega nefna Hannes ritstjóra Þorsteinsson,*

*dr. Jón landsskjalavörð Þorkelsson og Pétur ritstjóra Zóphóníasson, og er eg þeim mjög þakklátur fyrir.*

*Að síðustu þakka eg kostnaðarmanninum fyrir hvað hann hefir vandað útgáfu rits þessa.*

Reykjavík 1. jan. 1906

*Jóhann Kristjánsson.*

---

1. **Ágúst** Theodór **Flygenring** Þórðarson f. 17. apríl 1865 á Fiskilæk. For.: Þ. († $^{28}/_{11}$ 1883) Sigurðsson b. þar og k. h. Sigríður († $^{6}/_{6}$ 1891) Runólfsdóttir b. í Saurbæ á Kjalarnesi Þórðarsonar. Lærði sjómannafræði, og tók próf í henni í Noregi 1891, skipstjóri 1888—1898, síðan 1898 kaupmaður í Hafnarfirði. K. ($^{20}/_{10}$ 1892) Þórunn Stefánsdóttir b. á Þóreyjarnúpi Jónssonar. *Kgk. þm. 1905.*

2. **Ari Brynjólfsson** f. 3. febrúar 1849 í Ormsstaðahjáleigu í Norðfirði. For.: B. Brynjólfsson b. þar og k. h. Anna Aradóttir b. á Dammi Marteinssonar. Bóndi á Ósi í Breiðdal 1880—81, Papey 1881—82, Eyjum í Breiðdal 1882—83, Kirkjubóli í Stöðvarfirði 1883—1887, Heyklifi í Breiðdal 1887—1892 og Þverhamri í sömu sveit síðan 1892. K. ($^{16}/_{7}$ 1882) Ingibjörg Högnadóttir b. á Skriðu í Breiðdal Gunnlaugssonar. *2. þm. S.-Múl. 1902.*

3. **Árni Böðvarsson** f. 24. október 1818 á Görðum í Önundarfirði. For.: B. († 1862) Þorvaldsson síðar prófastur á Melstað og k. h. Þóra Björnsdóttir pr. í Bólstaðarhlíð Jónssonar. Stúd. 1843 Bessast. Vígður $^{12}/_{8}$ 1849, v. $^{18}/_{6}$ 1849 Nesþing í Snæf., $^{30}/_{3}$ 1861 Setberg, $^{25}/_{4}$ 1866 Eyri í Skutulsfirði, lausn $^{12}/_{7}$ 1881. Próf. í Snæf. 1856—1866 og N.-Ísf. 1868—1881. † 25. apríl 1889 á Ísafirði. K. ($^{4}/_{5}$ 1857) Helga Arnórsdóttir í Hólabúð á Brimilsvöllum Helgasonar. *2. þfm. Snæf. 1851.*

4. **Árni Einarsson** f. 12. júní 1824 á Vilborgarstöðum í Vestmannaeyjum. For.: E. († $^{18}/_{3}$ 1852) Sigurðsson b. þar og k. h. Vigdís († $^{8}/_{5}$ 1854) Guðmundsdóttir b. á Vilborgarstöðum Jónssonar. Bóndi á Vilborgarstöðum 1852—1899. † 19. febr. 1899 á Vilborg-

arstöðum. Sæmdur $^{17}/_{1}$ 1859 heiðurspeningi, »ærulaun iðni og hygginda«. K. ($^{15}/_{11}$ 1848) Guðfinna Jónsdóttir pr. í Vestmannaeyjum Austmanns. *Vþm. Vestm. 1861.*

5. **Árni Helgason** f. 27. október 1777 á Stað í Aðalvík. For.: H. († $^{2}/_{9}$ 1816) Einarsson síðar pr. á Eyri við Skutilsfjörð og k. h. Guðrún Árnadóttir pr. í Gufudal Ólafssonar. Stúd. 1799 Rvík, cand. theol. $^{16}/_{4}$ 1807 Kh., vígður $^{9}/_{7}$ 1809, v. $^{22}/_{3}$ 1808 Vatnsfjörður, en fór þangað eigi, $^{24}/_{10}$ 1810 Reynivellir, $^{27}/_{5}$ 1814 Rvík, $^{27}/_{10}$ 1825 Garðar á Álftanesi, lausn 1858. Próf. í Kjalarnesþingi 1821—1856 og stiftpróf., settur biskup um tíma og kennari við Rvíkskóla. † 14. des. 1869 í Görðum. Stiftprófastsnafnbót $^{30}/_{4}$ 1828, r. af dbr. $^{1}/_{11}$ 1828, dbrm. $^{6}/_{10}$ 1853, biskupsnafnbót $^{7}/_{10}$ 1858. K. 1. ($^{5}/_{10}$ 1809) Guðný († $^{22}/_{11}$ 1834) Högnadóttir b. í Skógum Benediktssonar. K. 2. ($^{15}/_{8}$ 1835) Sigríður († $^{19}/_{10}$ 1869) Hannesdóttir biskups Finnssonar. *Vþm. Rvík 1845—1849.*

6. **Árni Jónsson** f. 9. júlí 1849 á Litluströnd við Mývatn. For.: Jón († $^{18}/_{8}$ 1875) Árnason síðar b. á Skútustöðum og k. h. Þuríður († $^{10}/_{12}$ 1902) Helgadóttir b. á Skútustöðum Ásmundssonar. Stúd. I 1882 Rvík., cand. theol. I 1884 Rvík. Vigður $^{19}/_{10}$ 1884, v. $^{8}/_{10}$ 1884 Borg á Mýrum, $^{19}/_{3}$ 1888 Mývatnsþing. Próf. í S.-Þing. $^{30}/_{8}$ 1890. Skipaður $^{22}/_{4}$ 1904 í milliþinganefnd í kirkjumálum. K. 1. ($^{22}/_{9}$ 1884) Dýrleif († $^{2}/_{12}$ 1894) Sveinsdóttir b. á Hóli í Höfðahverfi Sveinssonar. K. 2. ($^{19}/_{8}$ 1896) Auður Gísladóttir b. á Þverá í Dalsmynni Ásmundssonar. *Þm. Mýr. 1886 —1891, N.-Þing. 1902 og síðan.*

7. **Árni Thorsteinsson** f. 5. apríl 1828 á Arnarstapa. For.: Bjarni amtmaður Thorsteinsson (16) og k. h. Þórunn Hannesdóttir. Stúd. II 1847 Rvík, cand. jur. II $^{19}/_{6}$ 1854, $^{31}/_{3}$ 1856 sýslum. í Snæf., $^{18}/_{2}$ 1861

land- og bæjarfógeti, $^{1}/_{7}$ 1874 eingöngu landfógeti, lausn $^{9}/_{9}$ 1904. Kanselliráð $^{20}/_{5}$ 1867, r. af dbr. $^{2}/_{8}$ 1874, dbrm. $^{24}/_{6}$ 1895, k$^{2}$. $^{9}/_{9}$ 1904. K. ($^{8}/_{9}$ 1861) Soffía Kristjana Hannesdóttir kaupmanns í Rvík Johnsens. *Kgk. þm. 1877—1903.* F. s. þ. 1885, f. e. d. 1886—'87, 1893—1903.

8. **Arnljótur Ólafsson** f. 21. nóvember 1823 á Auðólfsstöðum í Langadal. For.: Ó. († $^{21}/_{11}$ 1836) Björnsson b. þar og k. h. Margrét Snæbjörnsdóttir pr. í Grímstungu Halldórssonar. Stúd. II 1851 Rvík cand. theol. I. 1863 Rvík; vígður $^{15}/_{11}$ 1863, v. $^{6}/_{10}$ 1863 Bægisá, $^{20}/_{9}$ 1889 Sauðanes. † 29. okt. 1904 í Sauðanesi. K. ($^{6}/_{5}$ 1864) Hólmfríður († $^{8}/_{9}$ 1904) Þorsteinsdóttir pr. á Hálsi Pálssonar. *Þm. Borg. 1859—1867, 1. þm. N.-Múl. 1877—1879, 1. þm. Eyf. 1881—'85, kgk. þm. 1886—1891.*

6. **Ásgeir Einarsson** f. 23. júlí 1809 í Kollafjarðarnesi. For.: E. Jónsson b. þar og k. h. Þórdís Guðmundsdóttir smiðs á Seljum Torfasonar. Bóndi í Kollafjarðarnesi 1839—1863, Ásbjarnarnesi 1863—1867, Þingeyrum 1867—1885. † 15. nóv. 1885 á Þingeyrum. Dbrm. $^{28}/_{2}$ 1878. K. ($^{26}/_{6}$ 1838) Guðlaug († $^{16}/_{2}$ 1887) Jónsdóttir sýslumanns á Melum Jónssonar. *Þm. Strand. 1845—1865, 1881—1885, 1. þm. Húnv. 1875—1879; þfm. Strand. 1851.*

10. **Axel** Valdemar **Tulinius** f. 6. júní 1865 á Eskifirði. For.: Carl Daníel Tulinius († $^{16}/_{1}$ 1905) kaupmaður á Eskifirði og k. h. Guðrún († $^{30}/_{8}$ 1904) Þórarinsdóttir próf. á Hofi í Álftafirði Erlendssonar. Stúd. II. 1884 Rvík, cand. juris II $^{12}/_{1}$ 1892, $^{1}/_{8}$ 1892 lögregluþjónn í Kh., $^{1}/_{1}$ 1893 fulltrúi bæjarfógeta í Rvík., settur $^{1}/_{7}$ 1894 sýslumaður i N.-Múl., $^{26}/_{9}$ 1895 sýslum. í S.-Múl. K. Guðrún Hallgrímsdóttir biskups Sveinssonar. *1. þm. S.-Múl. 1901.*

11. **Benedikt Kristjánsson** f. 16. marz 1824 á Illugastöðum í Fnjóskadal. For.: Kr. († 1/1 1844) Jónsson b. þar og k. h. Guðrún († 24/8 1846) Halldórsdóttir b. á Reykjum í Fnjóskadal Jónssonar. Stúd. II 1847 Rvík, cand. theol. I 1849 Rvík, vígður 12/10 1851 aðstoðarpr. Skúla Tómassonar í Múla, v. 8/12 1856 Garðar á Akranesi, 8/5 1858 Hvammur í Norðurárdal, 15/5 1860 Múli, lausn 11/7 1889. Próf. í S.-Þing. 1871—1889. † 6. des. 1903 í Rvík. K. 1. Arnfríður († 1/4 1879) Sigurðardóttir b. á Grímsstöðum við Mývatn Jónssonar, k. 2. Elínborg Friðriksdóttir ekkja Páls Vidalíns (162). *1. þm. Þing. 1875—1879, þm. N.-Þing. 1881—'85, S.-Þing. 1886—1891, Mýr. 1893.* F. s. þ. 1889, f. e. d. 1889 og 1891.

12. **Benedikt Sveinsson** f. 20. jan. 1826 á Sandfelli í Öræfum. For.: Sv. († 5/9 1849) Benediktsson síðar pr. á Mýrum í Álftaveri og k. h. Kristín Jónsdóttir b. á Esjubergi Örnólfssonar. Stúd. II 1852 Rvík, cand. jur. I 22/6 1858; 5/5 1859 2. yfirdómari, settur frá emb. 19/8 1870; settur 8/8 1874 sýslum. í Þing. veitt hún 13/5 1876, lausn 13/4 1897. † 2. ágúst 1899 í Rvík. K. Katrín Einarsdóttir umboðsmanns á Reynistað Stefánssonar. *Kgk. vþm. 1861 og 1863, þm. Árn. 1865—1873, 1. þm. Árn. 1875—1879, 2. þm. N.-Múl. 1881—85, 2. þm. Eyf. 1886—91, þm. N.-Þing. 1893—99.* F. s. þ. 1886—87, 1893—94, f. n. d. 1889, 1893, 1895.

13. **Benedikt Þórðarson** f. 30. júlí 1800 á Sörlastöðum í Fnjóskadal. For.: Þ. Pálsson síðar b. á Kjarna í Eyjafirði og k. h. Björg († 26/2 1842) Halldórsdóttir b. í Hrísum Björnssonar. Stúd. 1833 Bessast., verzlunarstjóri í Rvík 1833—1835, vígður 8/6 1835, v. 24/12 1834 Staður á Snæfjallaströnd, 18/8 1843 Garpsdalur, 27/4 1844 Kvennabrekka, 8/6 1848 Brjánslækur, 4/12 1863 Selárdalur, lausn 1873. † 9. des. 1882 í Selárdal. K. (7/9 1836) Ingveldur († 9/11 1892) Stefáns

dóttir pr. í Hjarðarholti Benediktssonar. *Vpm. Barð. 1859—1863.*

14. **Bergur Thorberg** f. 23. jan. 1829 á Hvanneyri í Siglufirði. For.: Ólafur († $^{18}/_{9}$ 1873) Hjaltason Thorberg síðast pr. á Breiðabólsstað í Vesturhópi og k. h. Guðfinna Bergsdóttir smiðs Sigurðssonar. Stúd. I 1851 Rvík., cand. jur. II $^{15}/_{6}$ 1857; 1858 aðstoðarmaður í dómsmálastjórninni, $^{8}/_{5}$ 1865 settur amtmaður í Vesturamtinu, skipaður $^{10}/_{8}$ 1866, $^{30}/_{6}$ 1872 var Suðuramtið og Vesturamtið sameinað og fékk hann það að veitingu s. d., settur $^{5}/_{8}$ 1882 landshöfðingi, $^{7}/_{5}$ 1884 skipaður landshöfðingi. † 21. jan. 1886 í Rvík. Skipaður 1870 í milliþinganefnd í landbúnaðarmálum. R. af dbr. $^{25}/_{4}$ 1870, dbrm. $^{10}/_{8}$ 1874, $k^{2}$. $^{14}/_{4}$ 1885. K. 1. ($^{5}/_{10}$ 1865) Sesselja († $^{26}/_{1}$ 1868) Þórðardóttir umboðsmanns í Sviðholti Bjarnasonar. K. 2. ($^{18}/_{10}$ 1873) Elinborg Pétursdóttir biskups Péturssonar. *Kgk. þm. 1865—1883.* F. s. þ. og e. d. 1881.

15. **Bjarni Johnsen** f. 12. ágúst 1809 á Bessast. For.: Jón († 1817) Jónsson kennari þar og k. h. Ragnheiður († $^{20}/_{6}$ 1834) Bjarnadóttir b. í Sviðholti Halldórssonar. Stúd. 1828 Bessast., cand. mag. II $^{10}/_{12}$ 1836; $^{20}/_{12}$ 1836 settur kennari við lærðaskólann í Álaborg, v. það embætti $^{28}/_{5}$ 1839, $^{13}/_{7}$ 1846 yfirkennari við lærðaskólann í Horsens, $^{15}/_{7}$ 1851 skólastjóri Reykjavikurlærðaskóla. † 21. sept. 1868 í Kh. R. af dbr. $^{1}/_{1}$ 1856, prófessor $^{26}/_{5}$ 1857. K. Anna Petrea Lund († 1861) kaupmanns í Álaborg. *Kgk. þm. 1857.*

16. **Bjarni Thorsteinsson** f. 31. marz 1781 á Sauðhúsnesi í Álftaveri. For.: Þorsteinn Steingrímsson síðar b. í Kerlingardal og f. k. h. Guðríður Bjarnadóttir sýslumanns Nikulássonar. Stúd. 1800 Rvík., cand. jur. I $^{24}/_{10}$ 1807, $^{2}/_{7}$ 1808 skrifari í rentukammerinu, $^{10}/_{6}$ 1811 skrifstofufulltrúi, fékk $^{28}/_{9}$ 1816 »sekretera« nafnbót, $^{6}/_{10}$ 1819 jafnframt hinu embætti

sínu »auditör« við sjóforingjaskólann, 29/9 1820 2. yfirdómari, en tók eigi við því embætti, 5/5 1821 amtmaður í Vesturamtinu, lausn 2/8 1849. † 3. nóv. 1876 í Rvík. R. af dbr. 1/8 1829, dbrm. 10/6 1841, konferenzráð 8/3 1843. K. (22/7 1821) Þórunn († 28/3 1886) Hannesdóttir biskups Finnssonar. *Kgk. þm. 1845.* F. a. 1845.

17. **Björn Bjarnarson** f. 23. des. 1853 í Kh. For.: Stefán († 8/7 1891) Björnsson síðar sýslumaður í Árn. og k. h. Emilía († 22/8 1897) Jörgensen gózeiganda í Kh. Stúd. II 1877 Rvík, cand. jur. II 31/5 1883. Var síðan aðstoðarmaður föður síns, og um tíma settur sýslumaður í Rang.; 9/1 1891 sýslum. í Dal. og býr að Sauðafelli. K. (26/7 1890) Guðný Jónsdóttir bókfræðings Borgfirðings. *Þm. Dal. 1901 og síðan.*

18. **Björn Bjarnarson** f. 14. ágúst 1856 í Skógarkoti í Þingvallasveit. For.: B. († 11/6 1899) Eyvindsson síðar b. í Vatnshorni í Skorradal og k. h. Solveig Björnsdóttir pr. á Þingvöllum Pálssonar. Nam búfræði í Noregi og ferðaðist síðan um Danmörku með styrk af landsjóði. Bóndi á Hvanneyri 1884—'86, Rvík 1886—'87, Reykjahvoli í Mosfellssveit 1887—'99 og í Gröf síðan 1899. K. Kristrún Eyjólfsdóttir b. á Stuðlum í Reyðarfirði Þorsteinssonar. *Þm. Borg. 1893 og 1902.*

19. **Björn Blöndal** f. 1. nóv. 1787 í Blöndudalshólum. For.: Auðunn († 7/2 1807) Jónsson pr. þar og k. h. Halldóra Jónsdóttir pr. á Auðkúlu Björnssonar. Stúd. 1809 Bessast., exam. jur. 1818, 22/6 1820 sýslum. í Húnv. † 23. júní 1846 í Hvammi í Vatnsdal. Kansellíráð 26/6 1846. K. (22/9 1821) Guðrún († 20/8 1864) Þórðardóttir kaupmanns á Ak. Helgasonar. *Kgk. þm. 1845.*

20. **Björn Halldórsson** f. 4. nóv. 1823 á Skarði í Laufássókn. For.: H. († 18/6 1869) Björnsson síð-

ar próf. í Sauðanesi og k. h. Sigríður Vigfúsdóttir pr. í Garði Björnssonar. Stúd. 1844 Bessast., cand. theol. II 1850 Rvík. Vígður $^{5}/_{9}$ 1852 aðstoðarpr. Gunnars pr. í Laufási Gunnarssonar; v. $^{12}/_{12}$ 1853 Laufás. Próf. í Þing. 1863–1872. † 19. des. 1882 í Laufási. K. Sigríður († $^{19}/_{3}$ 1889) Einarsdóttir b. í Saltvík á Tjörnesi Jónassonar. *2. þfm. N.-Þing. 1851.*

21. **Björn Jónsson** f. 14. mai 1802 á Hólum í Hjaltadal. For.: Jón († $^{17}/_{6}$ 1866) Jónsson síðar próf. á Grenjaðarstað og miðk. h. Þorgerður († $^{30}/_{11}$ 1857) Runólfsdóttir b. í Sandgerði Runólfssonar. Bóndi á Möðruvöllum í Hörgárdal 1826–1827, 1829—1835, Auðbrekku 1827—1829, 1839—1845, Hvammi í Arnarneshreppi 1835—1836, Litla-Dunhaga 1836—1839, verzlunarstjóri á Siglufirði 1845—1847, verzlunarstjóri á Akureyri 1847—1852, ritstjori Norðra 1853—1855 og Norðanfara 1860—1885 á Akureyri. † 20. júní 1886 á Akureyri. K. 1. ($^{4}/_{6}$ 1825) Anna († $^{29}/_{6}$ 1866) Árnadóttir b. á Reistará Árnasonar; k. 2. Hermannína Kristjana († $^{29}/_{12}$ 1898) Finnbogadóttir b. á Staðarhóli í Siglufirði Árnasonar. *1. þfm. N.-Þing 1851.*

22. **Björn Jónsson** f. 8. okt. 1846 í Djúpadal í Gufudalssveit. For.: J. († 1863) Jónsson b. þar og k. h. Sigríður († 1864) Jónsdóttir b. í Látrum Ólafssonar. Stúd. I 1869 Rvík, cand. phil. 1872 Kh. Stofnaði blaðið Ísafold 19. sept. 1874 í Rvík og hefir gefið hana út og verið ritstjóri hennar síðan. R. af dbr. $^{27}/_{1}$ 1904. K. ($^{10}/_{12}$ 1874) Elizabet Sveinsdóttir prófr. Nielssonar. *Þm. Strand. 1879.*

23. **Björn Kristjánsson** f. 26. febr. 1858 á Hreiðurborg í Sandvíkurhreppi. For.: Kr. Vernharðsson b. þar og k. h. Þórunn († $^{18}/_{11}$ 1898) Halldórsdóttir b. á Egilsstöðum í Ölfusi Guðmundsson-

ar. Skrifari hjá bæjarfógeta í Rvík og bæjargjaldkeri um hríð, síðan 1887 kaupmaður í Rvík. K. (5/5 1885) Sigþrúður Guðmundsdóttir borgara á Hól í Rvík Þórðarsonar. *2. þm. G.-K. 1901, 1. þm. G.-K. 1902 og síðan.*

24. **Björn Ólsen** f. 14. júlí 1850 á Þingeyrum. For.: R. Magnús Ólsen alþm. (166) og k. h. Ingunn Jónsdóttir. Stúd. I 1869 Rvík., cand. mag. I 12/6 1877. Settur 15/4 1879 kennari við Rvíkurlærðaskóla, 29/7 1880 fastur kennari, 24/7 1895 skólastjóri, lausn 25/4 1904. Dr. phil. 1883 við Kh.háskóla, r. af dbr. 9/12 1902, prófessor 25/4 1904. *Kgk. þm. 1905.*

25. **Björn Pétursson** f. 2. ágúst 1826 á Eiðum. For.: P. († 24/6 1883) Jónsson síðast pr. á Valþjófsstað og k. h. Anna († 18/2 1865) Björnsdóttir pr. í Kirkjubæ Vigfússonar. Gekk í Rvíkurskóla 1848, en lauk eigi prófi. Bóndi í Jórvík 1851—1853, Surtsstöðum 1853—1862, Hallfreðarstöðum 1862—1877, fór þá til Ameríku og gerðist þar Unitaraprestur. † 25. sept. 1893 í Winnipeg. K. 1. Ólafía († 6/12 1884) Ólafsdóttir pr. á Kolfreyjustað Indriðasonar, k. 2. J. E. McCane amerísk. *Þm. S.-Múl. 1859—1867, vþm. S.-Múl. 1873.*

26. **Björn Sigfússon** f. 22. júní 1849 á Tjörn á Vatnsnesi. For.: S. († 9/3 1876) Jónsson síðar pr. undir Felli í Vatnsdal og k. h. Sigríður Björnsdóttir sýslum. Blöndals. Bóndi í Grímstungu og síðar á Kornsá í Vatnsdal. K. Ingunn Jónsdóttir b. á Melum Jónssonar. *2. þm. Húnv. 1893, 1. þm. Húnv. 1894—1899.*

27. **Bogi** Thorarensen **Melsteð** f. 4. maí 1860 í Klausturhólum. For.: Jón († 18/2 1873) Melsteð pr. þar og k. h. Steinunn († 15/6 1891) Björnsdóttir amtmanns Thorarensens. Stúd. II 1882 Rvík., mag. art. 8/5 1890, var um nokkra hríð aðstoðarmaður í

ríkisskjalasafninu í Kh. Styrkþegi Árna Magnússonar sjóðsins, og hefir styrk af landsjóði til að semja og gefa út Íslandssögu. *2. þm. Árn. 1893.*

28. **Brynjólfur Benedictsen** f. 30. des 1807 á Bíldudal. For.: Bogi († $^{25}/_{3}$ 1849) Benediktsson síðar b. á Staðarfelli og k. h. Jarþrúður († $^{18}/_{3}$ 1858) Jónsdóttir pr. í Holti í Önundarfirði Sigurðssonar. Stúd. 1829 Bessast., stofnaði verzlunarfélag 1835 í Flatey og rak vezlun um hríð. Bóndi í Flatey 1840—1870. † 24. jan. 1870 í Flatey. K. ($^{8}/_{3}$ 1838) Herdís († $^{28}/_{8}$ 1897) Guðmundsdóttir Schevings kaupmanns í Flatey. *1. þfm. Barð. 1851.*

29. **Brynjólfur Jónsson** f. 8. sept. 1826 á Hofi í Álftafirði. For.: J. († 1843) Bergsson pr. þar og k. h. Rósa Brynjólfsdóttir pr. í Eydölum Gíslasonar. Stúd. I 1848 Rvík., cand. theol. I 1850 Rvík. Vígður $^{9}/_{5}$ 1852 að Reynistað, en fór þangað eigi, varð s. á. aðstoðarpr. Jóns Jónssonar Austmanns í Vestmannaeyjum; v. $^{3}/_{8}$ 1860 Vestmannaeyjar, $^{25}/_{3}$ 1875 Stokkseyri, $^{14}/_{8}$ s. á. leyfi til að vera kyr í Vestmannaeyjum. † 19. nóv. 1884 í Vestmannaeyjum. K. ($^{19}/_{6}$ 1853) Ragnheiður Jónsdóttir kaupmanns í Kúvíkum Salómonssonar. *Þm. Vestm. 1859, 1863.*

30. Ólafur **Daniel** Theodor **Thorlacius** f. 8. maí 1828 í Stykkishólmi. For.: Árni († $^{29}/_{4}$ 1891) Thorlacius kaupmaður í Stykkishólmi, síðar umboðsmaður og k. h. Anna († $^{3}/_{4}$ 1894) Daníelsdóttir kaupm. Steenbacks. Rak verzlun um hríð í Stykkishólmi, fór 1904 til Rvík og andaðist þar 31. ágúst 1904. K. Guðrún Jósefsdóttir læknis í Hnausum Skaptasonar. *Vþm. Snæf. 1869.*

31. **Davíð Guðmundsson** f. 15. júní 1834 á Vindhæli á Skagaströnd. For.: G. († $^{22}/_{3}$ 1861) Ólafsson b. þar og f. k. h. Ingibjörg Árnadóttir pr. á Hofi á Skagaströnd Illugasonar. Stúd. I 1855 Rvík., cand.

theol. I 1857 Rvík. Vígður $^{20}/_{5}$ 1860, v. $^{9}/_{1}$ 1860 Kvíabekkur, en fór þangað eigi og hafði brauðaskifti og fékk Fell í Sléttuhlíð, $^{17}/_{6}$ 1873 Möðruvallaklaustur, lausn $^{31}/_{5}$ 1905. Próf. í Eyf. 1876—1897. † 27. sept. 1905 á Hofi í Hörgárdal. R. af dbr. $^{21}/_{5}$ 1892. K. ($^{19}/_{6}$ 1860) Sigríður Ólafsdóttir Briems smiðs á Grund í Eyjafirði. *Þm. Skagf. 1869—1873.*

32. **Eggert Benediktsson** f. 29. ágúst 1861 á Breiðabólsstað á Skógarströnd. For.: B. († $^{5}/_{12}$ 1871) Eggertsson síðar pr. í Vatnsfirði og k. h. Agnes († 1903) Þorsteinsdóttir b. í Núpakoti Magnússonar. Var í Rvíkurskóla 1876—1879, síðar verzlunarmaður á Papós, bóndi í Laugardælum síðan 1897. K. ($^{11}/_{9}$ 1890) Guðrún Sólveig Bjarnadóttir pr. á Stafafelli Sveinssonar *2. þm. Árn. 1902.*

33. **Eggert** Ólafur **Briem** f. 15. okt. 1811 á Kjarna í Eyjafirði. For.: Gunnlaugur († $^{17}/_{2}$ 1834) Guðbrandsson Briem sýslumaður og k. h. Valgerður († $^{24}/_{7}$ 1872) Árnadóttir próf. í Holti undir Eyjafjöllum Sigurðssonar. Stúd. 1831 Bessast., cand. jur. II $^{28}/_{4}$ 1841, settur $^{10}/_{7}$ 1843 sýslum. í Rang., settur $^{18}/_{6}$ 1844 sýslum. í Ísf., v. $^{25}/_{4}$ 1845 Ísf., $^{1}/_{6}$ 1848 Eyf., $^{17}/_{4}$ 1858 Rang., en fór þangað eigi, $^{18}/_{2}$ 1861 Skagf., $^{2}/_{11}$ 1876 Húnv., $^{12}/_{4}$ 1877 leyfi til að vera kyr, lausn $^{29}/_{3}$ 1884. † 11. marz 1894 í Rvík. R. af dbr. $^{30}/_{8}$ 1880. K. Ingibjörg († $^{15}/_{9}$ 1890) Eiríksdóttir sýslum. Sverrissonar. *1. þfm. Eyf. 1851.*

34. **Eggert** Ólafur **Gunnarsson** f. 26. júlí 1840 í Laufási. For.: G. († $^{24}/_{2}$ 1853) Gunnarsson pr. þar og k. h. Jóhanna Kristjana († $^{28}/_{10}$ 1878) Gunnlaugsdóttir sýslum. Briems. Bóndi á Espihóli og Laugalandi í Eyjafirði, síðar kaupfélagsstjóri á Akureyri, fór að síðustu til Vesturheims. Umboðsmaður Munkaþverárklausturs 1864—1882. K. Elín Sig-

ríður Magnúsdóttir umboðsmanns Ólsens (166). *2. þm. N.-Múl. 1875—1879.*

35. **Eggert Pálsson** f. 6. okt. 1864 í Sogni í Kjós. For.: P. Einarsson b. þar og k. h. Guðrún Magnúsdóttir Waage b. í Stóru-Vogum Jónssonar. Stúd. II 1886 Rvík, cand. theol. I Rvík 1888. Vígður 11/9 1889, v. 6/7 1889 Breiðabólsstaður í Fljótshlíð. K. (18/7 1889) Guðrún Hermannsdóttir sýslum. Johnsens. *1. þm. Rang. 1902 og síðan.*

36. **Eggert Theodor Jónassen** f. 9. ágúst 1838 í Rvík. For.: Þórður Jónassen (205) og k. h. Soffía Lynge. Stúd. I 1858 Rvík, cand. jur. II 15/1 1867. Skrifari hjá land- og bæjarfógeta 1867—1868, settur 1868 sýslum. í Borg., 11/10 1871 sýslum. í Mýr. og Borg., 16/8 1878 bæjarfógeti í Rvík, 18/4 1886 amtmaður í Suður og Vesturamtinu. † 29. sept. 1891 í Rvík. R. af dbr. 24/9 1887. K. 1. Elín († 4/4 1878) Magnúsdóttir sýslum. Stephensens (139); k. 2. Karólína Eðvarðsdóttir Siemsens kaupm. í Rvík. *Kgk. þm. 1887—1891.*

37. **Egill Egilson** f. 8. júlí 1829 á Bessast. For.: Sveinbjörn († 17/8 1852) Egilsson síðar skólastjóri í Rvík og k. h. Helga († 6/8 1855) Benediktsdóttir yfirdómara Gröndals. Var um hríð í Rvíkskóla, en lauk eigi prófi. Verzlunarstj. í Stykkishólmi og síðar í Rvík. † 14. jan. 1896 í Rvík. K. 1. (4/10 1855) Anna María Guðrún Árnadóttir kaupm. í Stykkishólmi Thorlacius; k. 2. (12/10 1864) Ólína Ágústa († 8/4 1881) systir f. k. h. *Þm. Snæf. 1869 —1873, Mýr. 1881—1885.*

38. **Einar Ásmundsson** f. 20. júní 1828 á Vöglum í Fnjóskadal. For.: Á. († 8/10 1876) Gíslason síðar b. á Þverá í Dalsmynni og f. k. h. Guðrún († 20/2 1835) Björnsdóttir b. á Lundi Jónssonar. Nam gullsmíði, sigldi 1847 til Danmerkur og mentaðist þar, var síðar barnakennari í Múl., bóndi á

Þverá í Dalsmynni 1852—1855, Nesi í Höfðahverfi 1855—1893, $^{28}/_{7}$ 1882 umboðsmaður Möðruvallaklausturs, † 19. okt. 1893 í Nesi. $^{2}/_{8}$ 1874 dbrm. K. 1. ($^{2}/_{7}$ 1853) Margrét († $^{19}/_{12}$ 1864) Guttormsdóttir próf. í Vallanesi Pálssonar; k. 2. (1868) Elízabet Sigurðardóttir b. í Möðrudal Jónssonar. *1. þm. Eyf. 1875—1879, 2. þm. Eyf. 1881—1885, þm. S.-Þing 1893.*

39. **Einar Gíslason** f. 9. des. 1838 á Höskuldsstöðum í Breiðdal. For.: G. († $^{30}/_{8}$ 1866) Þorvarðsson b. þar og k. h. Ingibjörg Einarsdóttir b. á Stóra-Steinsvaði Gíslasonar. Bóndi á Höskuldsstöðum í Breiðdal 1864—1887. † 8. júlí 1887 á Höskuldsstöðum. K. ($^{24}/_{9}$ 1863) Guðrún Helga Jónsdóttir b. á Gilsá Einarssonar. *2. þm. S.-Múl 1875—1877.*

40. **Einar** Baldvin **Guðmundsson** f. 4. sept. 1841 á Hraunum í Fljótum. For.: G. († $^{18}/_{10}$ 1841) Einarsson b. þar og k. h. Helga († $^{5}/_{12}$ 1875) Gunnlaugsdóttir b. á Neðra-Ási í Hjaltadal Björnssonar. Bóndi á Hraunum og síðar í Haganesvík í Fljótum. Dbrm. $^{21}/_{5}$ 1892. K. 1. Kristín († $^{9}/_{8}$ 1879) Pálsdóttir pr. í Viðvík Jónssonar; k. 2. Jóhanna († $^{16}/_{3}$ 1893) Jónsdóttir próf. í Glaumbæ Hallssonar; k. 3. Dagbjört Magnúsdóttir kaupm. á Ísafirði Jochumssonar. *2. þm. Skagf. 1875—1877.*

41. **Einar Jónsson** f. 7. des. 1853 á Stóra-Steinsvaði í Hróarstungu. For.: J. Þorsteinsson b. þar og k. h. Járngerður Eríksdóttir b. á Arneiðarstöðum í Fljótsdal Eiríkssonar. Stúd. I 1876 Rvík, cand. theol. I 1879 Rvík. Vígður $^{31}/_{8}$ 1879, v. $^{27}/_{8}$ 1877 Fell í Sléttuhlíð, $^{18}/_{4}$ 1885 Miklibær í Blönduhlíð, $^{24}/_{1}$ 1889 Kirkjubær í Hróarstungu, $^{8}/_{6}$ 1896 próf í N.-Múl. K. Kristín Jakobsdóttir pr. í Glaumbæ Benediktssonar. *1. þm. N.-Múl. 1893—1901.*

42. **Einar Thorlacius** f. 18. nóv. 1851 í Saurbæ í Eyjafirði. For.: Jón († $^{12}/_{9}$ 1872) Einarsson Thorlacius

pr. þar og f. k. h. Ólöf († 8/4 1854) Hallgrímsdóttir pr. á Hrafnagili Thorlacius. Stúd. I 1874 Rvík, cand. jur. II 18/6 1879. Settur 8/7 1879 sýslum. í Sk., sýslum. 30/6 1880 N.-Múl., lausn 29/5 1896. *1. þm. N.-Múl. 1886—1887.*

43. **Einar Þórðarson** f. 7. ágúst 1867 á Kollsá í Vallanessókn. For.: Þ. († 18/11 1873) Einarsson b. þar og k. h. Þórdís († 17/11 1903) Eríksdóttir b. á Nefbjarnarstöðum Gunnlaugssonar. Stúd. III 1888 Rvík, cand. theol. I 1890 Rvík. Vígður 7/6 1891, v. 12/6 1891 Hofteigur og Brú á Jökuldal; 18/3 1904 Desjarmýri. K. (28/8 1890) Ingunn Loptsdóttir á Kleppi við Rvík Þorkelssonar. *2. þm. N.-Múl. 1903 og síðan.*

44. **Eiríkur Briem** f. 17. júlí 1846 á Melgraseyri. For.: Eggert Briem (33) og k. h. Ingibjörg Eiríksdóttir. Stúd. II 1864 Rvík, cand. theol. I 1867 Rvík. Biskupsskrifari 1867—1874; vígður 3/5 1874, v. 14/6 1873 Þingeyarprestakall, 29/7 1880 2. kennari við prestaskólann í Rvík. Próf. í Húnv. 1877—1880. Skipaður 22/4 1904 í milliþinganefnd í kirkjumálum. R. af dbr. 25/4 1901. K. (2/7 1874) Guðrún († 2/3 1893) Gísladóttir læknis Hjálmarssonar. *2. þm. Húnv. 1881—'85, 1. þm. Húnv. 1886—1891, kgk. þm. 1901 og síðan.* F. s. þ. 1891, 1901—1905.

45. **Eiríkur Gíslason** f. 14. marz. 1857 á Reynivöllum í Kjós. For.: G. († 31/1 1866) Jóhannesson pr. þar og k. h. Guðlaug Eiríksdóttir sýslum. Sverrissonar. Stúd. II 1878 Rvík, cand. theol. I 1880 Rvík. Vígður 29/6 1881, v. 25/5 1881 Presthólar, 12/8 1882 Lundur í Borgarfirði, 8/10 1884 Breiðabólsstaður á Skógarströnd, 16/4 1890 Staðastaður, 21/3 1901 Prestbakki, 17/7 1902 próf. í Strand. K. Vilborg Jónsdóttir pr. á Auðkúlu Þórðarsonar. *Þm. Snæf. 1894—1899.*

46. **Eiríkur Kúld Ólafsson** f. 12. júní 1822 í Flatey. For.: Ó. Sivertsen (151) og k. h. Jóhanna Eyjólfsdóttir. Stúd. 1843 Bessast. Vígður $^{12}/_{8}$ 1849 aðstoðarpr. föður síns, v. $^{9}/_{1}$ 1860 Helgafell, próf. í Snæf. 1875—1893. † 19. júlí 1893 í Stykkishólmi. R. af dbr. $^{26}/_{5}$ 1887. K. ($^{17}/_{6}$ 1844) Þuríður († $^{26}/_{12}$ 1899) Sveinbjörnsdóttir skólastjóra Egilssonar. *Vpm. Snæf. 1853—1857, vpm. Barð. 1865—1867, pm. Barð. 1869—1885.*

47. **Erlendur Gottskálksson** f. 24. júlí 1818 á Nýjabæ í Kelduhverfi. For.: G. († $^{28}/_{5}$ 1838) Pálsson b. í Nýjabæ og k. h. Guðlaug Þorkelsdóttir b. í Nýjabæ Þorkelssonar. Bóndi í Austurgörðum í Kelduhverfi 1852—1863, Garði Kelduhv. 1863—1885, Sultum 1885—1886, Ási Kelduhv. 1886—1894. † 19. júní 1894 í Ási. K. 1. ($^{24}/_{9}$ 1848) Sigríður († $^{18}/_{8}$ 1873) Finnbogadóttir b. á Langavatni Finnbogasonar; k. 2. ($^{18}/_{6}$ 1874) Þorbjörg Guðmundsdóttir b. á Grásíðu Guðmundssonar. *Vpm. Þing. 1871—1873.*

48. **Eyjólfur Einarsson** f. 1784 í Svefneyjum. For.: E. († $^{7}/_{8}$ 1814) Sveinbjörnsson b. þar og k. h. Þorbjörg († $^{10}/_{7}$ 1816) Eyjólfsdóttir b. Þórðarsonar. Bóndi í Svefneyjum 1814—1865. † 26. okt. 1865 í Svefneyjum. Dbrm. $^{17}/_{1}$ 1835. K. ($^{21}/_{9}$ 1804) Guðrún Jóhannsdóttir pr. á Brjánslæk Bergsveinssonar. *Þm. Barð. 1845—1849.*

49. **Friðrik** Sigurður **Stefánsson** f. 30. ágúst 1840 á Ríp í Hegranesi. For.: S. Gíslason síðar b. á Hofstaðaseli og k. h. Sigurbjörg Jónsdóttir pr. á Ríp Reykjalíns. Bóndi í Ytra-Vallhólmi í Hólmi, Húsey, Skálá í Sléttuhlíð og Málmey. K. 1. ($^{6}/_{11}$ 1862) Guðríður Gísladóttir b. í Húsey Ólafssonar; k. 2. Hallfríður Björnsdóttir b. á Skálá Þórðarsonar. *1. þm. Skagf. 1879—1885, 2. þm. Skagf. 1886—1891.*

50. **Gísli Brynjúlfson** f. 3. sept. 1827 á Hólmum í Reyðarfirði. For.: Gisli (†  $^{26}/_{6}$ 1827) Brynjólfsson pr. á Hólmum og k. h. Guðrún († $^{8}/_{3}$ 1890) Stefánsdóttir amtm. Þórarinssonar. Stúd. 1845 Bessast. Las um hríð við háskólann, en lauk eigi embættisprófi. Varð 1848 styrkþegi Árna Magnússonarsjóðsins; $^{24}/_{4}$ 1874 kennari í íslenzkri sögu og bókmentum við Khafnarháskóla. † 29. maí 1888 í Kh. K. Marie Nicoline Gerdtzen. *Þm. Skagf. 1859 - 1863.*

51. **Gísli Magnússon** f. 15. júlí 1816 í Þorlákshöfn. For.: M. († $^{4}/_{6}$ 1840) Benteinsson b. í Þorlákshöfn og k. h. Hólmfríður († $^{5}/_{8}$ 1847) Árnadóttir próf. í Holti undir Eyjafjöllum Sigurðssonar. Stúd. 1839 Bessast., las málfræði við háskólann, en lauk eigi embættisprófi, settur kennari við Bessast. 1845—1846, dvaldi í Kh. 1847—1850, $^{26}/_{5}$ 1852 kennar við Rvíkurlærðaskóla. † 24. ágúst 1878 í Skotlandi. K. Wilhelmine Christine f. Morch. *2. þfm. Árn. 1851.*

52. **Grímur Thomsen** f. 15. maí 1820 á Bessastöðum. For.: Þorgrímur Tómasson gullsmiður (207) og k. h. Ingibjörg Jónsdóttir. Útskrifaður 1837 af Árna stiptpróf. Helgasyni, tók $^{22}/_{4}$ 1835 próf í fagurfræði og heimspeki. Ferðaðist síðan nokkra hríð suður um lönd, $^{5}/_{8}$ 1848 kansellisti í utanríkisstjórnarráðinu; $^{29}/_{8}$ 1856 fulltrúi í verzlunar- og konsúladeildinni, $^{27}/_{12}$ 1859 skrifstofustjóri sömu deildar, lausn $^{28}/_{8}$ 1866. Bóndi á Bessast. 1868—1896. † 27. nóv. 1896 á Bessastöðum. Skipaður $^{10}/_{11}$ 1875 í milliþinganefnd í skólamálum. Dr. phil. $^{29}/_{4}$ 1845, legationsráð 1860, riddari hannóversku Guelfaorðunnar 1862, r. af dbr. 1863, kommandör belgisku Leopoldsorðunnar 1863, riddari frakknesku heiðursfylkingarinnar 1864. K. (1870) Jakobína Jónsdóttir pr. í

Kirkjubæ Þorsteinssonar. *Þm. Rang. 1869—1873, 1. þm. G.-K. 1875—1879, Borg. 1881—1891.* F. n. d. 1885.

53. **Guðjón Guðlaugsson** f. 13. des. 1857 á Skarði á Skarðströnd. For.: G. († 1867) Jónsson og Björg Tómasdóttir b. í Galtardal Jónssonar. Nam búfræði í Ólafsdal og síðar í Danmörku. Bóndi á Hvalsá við Steingrímsfjörð 1883—1887, Ljúfustöð- 1887—1902, Kleifum í Steingrímsfirði 1902 og síðan. Formaður kaupfélags Strandamanna síðan 1899. Skipaður $^{18}/_{11}$ 1901 í milliþinganefnd í fátækra- og sveitastjórnarmálum. K. ($^{16}/_{1}$ 1883) Ingibjörg Magnúsdóttir b. á Miðgili í Langadal Eiríkssonar. *Þm. Strand. 1893 og síðan.*

54. **Guðlaugur Guðmundsson** f. 8. des. 1856 Ásgarði í Grímsnesi. For.: G. Ólafsson b. þar og Þórdís Magnúsdóttir b. í Austurey í Laugardal Halldórssonar. Stúd. I 1876 Rvík, cand. jur. II $^{13}/_{1}$ 1882, settur $^{18}/_{4}$ 1882 sýslum. í Dal, settur $^{11}/_{8}$ 1886 málaflutningsm. við landsyfirréttinn, $^{17}/_{6}$ 1891 sýslum. í Sk., $^{20}/_{7}$ 1904 sýslum. í Eyf. og bæjarfógeti á Ak., skipaður $^{28}/_{9}$ 1904 forseti í amtsráði Norðuramtsins. Heiðursmerki hinnar þýzku Arnarorðu af 3. fl. 1902. K. Olivia Maria, sænsk. *Þm. V.-Sk. 1893 og síðan.*

55. **Guðmundur Arnljótsson** f. 13. maí 1802 á Guðlaugsstöðum í Svínadal. For.: A. († $^{18}/_{5}$ 1835) Illugason b. þar og k. h. Rannveig († $^{17}/_{10}$ 1828) Jónsdóttir b. í Hvammi í Vatnsdal Pálssonar. Bóndi á Brún í Svartárdal 1829—1834, Guðlaugsstöðum 1834—1875. † 2. febr. 1875 á Guðlaugsstöðum. K. ($^{21}/_{10}$ 1828) Elin Arnljótsdóttir b. á Gunnsteinsstöðum Árnasonar. *Vþm. Húnv. 1847.*

56. **Guðmundur Björnsson** f. 12. okt. 1864 í Gröf í Víðidal. For.: B. Guðmundsson síðar b. á Marðarnúpi og k. h. Þorbjörg Helgadóttir b. í Gröf

Vigfússonar. Stúd. I 1887 Rvík, cand. med. & chir. I 1894 Kh., $^{14}/_{4}$ 1896 héraðslæknir í Rvík. R. af dbr. $^{22}/_{5}$ 1903. K. ($^{27}/_{4}$ 1895) Guðrún († $^{29}/_{1}$ 1904) Sigurðardóttir í Klettakoti við Rvík Björnssonar. *2. pm. Rvík. 1905.*

57. **Guðmundur Brandsson** f. 26. sept. 1814 í Kirkjuvogi í Höfnum. For.: B. († $^{16}/_{6}$ 1845) Guðmundsson b. þar og k. h. Gróa Hafliðadóttir b. í Kirkjuvogi Árnasonar. Bóndi í Landakoti á Vatnsleysuströnd 1840—1861, druknaði 11. okt. 1861 á heimleið úr Hafnarfirði. K. ($^{21}/_{5}$ 1840) Margrét († $^{26}/_{7}$ 1878) Egilsdóttir b. í Móakoti Guðmundssonar. *Vpm. G.-K. 1849, pm. G.-K. 1853—1861, 2. pfm. G.-K. 1851.*

58. **Guðmundur Einarsson** f. 25. marz 1816 í Skáleyjum. For.: E. († $^{17}/_{7}$ 1843) Ólafsson b. í Skáleyjum og k. h. Ástríður Guðmundsdóttir b. í Sauðeyjum Einarssonar. Stúd. 1838 Bessast. Vígður $^{26}/_{6}$ 1842 aðstoðarpr. Ólafs próf. Sívertsens í Flatey, v. $^{22}/_{8}$ 1848 Kvennabrekka, $^{18}/_{8}$ 1868 Breiðabólsstaður á Skógarströnd, próf. í Dal. 1864—1868. † 31. okt. 1882 á Breiðabólsstað. K. ($^{8}/_{11}$ 1843) Katrín Ólafsdóttir próf. í Flatey Sívertsens. *Þm. Dal. 1853—1857, 1869—1881, 1. pfm. Dal. 1851.*

59. **Guðmundur Ólafsson** f. 3. apríl 1825 á Setbergi við Hafnarfjörð. For.: Ó. Stefánsson b. þar og k. h. Guðrún Gísladóttir b. á Setbergi Jónssonar. Nam búfræði i Danmörku 1847—1851. Bóndi í Hvammkoti í Mosfellssveit 1853—1857, Gröf í Skilmannahreppi 1857—1866, Fitjum í Skorradal 1866—1889. † 11. nóv. 1889 á Fitjum. K. (1853) Vigdís († $^{17}/_{9}$ 1902) Magnúsdóttir Waage b. í Stóru-Vogum Jónssonar. *Þm. Borg. 1875—1879.*

60. **Gunnar Halldórsson** f. 8. okt. 1837 á Hvítanesi í Ögurhreppi. For.: H. († 1858) Halldórsson b. í Hörgshlíð og k. h. Kristín Hafliðadóttir b.

í Ármúla Hafliðasonar. Bóndi í Skálavík í Ísf. 1863—1894. † 12. júní 1894 í Skálavík. K. ($^{26}/_{10}$ 1862) Guðrún Gísladóttir b. á Kjörseyri Andréssonar. *2. þm. Ísf. 1886—1891.*

61. **Gunnlaugur Briem** f. 18. ágúst 1847 á Melgraseyri á Langadalsströnd. Albróðir Eiríks Briems (44). Var fyrst lengi forráðamaður fyrir búi föður síns Eggerts sýslum. Briems. Verzlunarm. í Rvík 1882—1885, verzlunarstjóri í Hafnarfirði 1885—1897. † 24. ágúst 1897 í Hafnarfirði. K. Friðrika Jeansdóttir Claessen. *2. þm. Skagf. 1883—1885.*

62. **Guttormur Vigfússon** f. 17. nóv. 1804 á Valþjófsstað í Fljótsdal. For.: V. († $^{12}/_{8}$ 1841) Ormsson pr. þar og k. h. Bergljót Þorsteinsdóttir pr. á Krossi í Landeyjum Stefánssonar. Útskrifaður 1824 af Guðmundi Bjarnasyni aðstoðarpr. í Görðum á Álftanesi. Bóndi á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal 1826—1856. † 12. sept. 1856 á Arnheiðarstöðum. K. 1. (1826) Halldóra († $^{8}/_{11}$ 1852) Jónsdóttir vefara Þorsteinssonar; k. 2. ($^{30}/_{6}$ 1854) Kristín († $^{28}/_{7}$ 1855) Jónsdóttir pr. á Hofi í Álftafirði Bergssonar. *Vþm. N.-Múl. 1847—1849, þm. N.-Múl. 1853, 2. þfm. N.-Múl. 1851.*

63. **Guttormur Vigfússon** f. 8. ágúst 1850 í Geitagerði í Fljótsdal. For.: V. († $^{22}/_{12}$ 1867) Guttormsson b. þar og k. h. Margrét († 1897) Þorkelsdóttir pr. á Stafafelli Árnasonar. Nam búfræði í Noregi. Kennari við Möðruvallaskóla 1880—1881, búnaðarskólastjóri á Eiðum 1883—1888, bóndi á Strönd á Völlum 1888—1894, í Geitagerði 1894 og síðan; skipaður $^{7}/_{5}$ 1905 umboðsmaður Múlasýsluumboðs. K. (1883) Sigríður Guðbjörg Anna Sigmundsdóttir b. á Ljótsstöðum Pálssonar. *2. þm. S.-Múl. 1893—1901, 1903 og síðan, 1. þm. S.-Múl. 1902.*

64. **Halldór Daníelsson** f. 6. júlí 1853 á Fróðastöðum í Hvítársíðu. For.: D. († $^{20}/_{1}$ 1890) Jónsson b. þar og k. h. Sigríður Halldórsdóttir b. á Ásbjarnarstöðum Pálssonar. Bóndi í Langholti í Bæjarsveit, en fór 1900 til Ameríku og er þar. K. María Jónsdóttir b. á Seli í Hrunamannahreppi Einarssonar. *Þm. Mýr. 1894—1899.*

65. **Halldór** Kristján **Friðriksson** f. 19. nóv. 1819 á Stað í Grunnavík. For.: F. († 1828) Eyjólfsson síðar b. í Arnardal og k. h. Sigríður († $^{5}/_{2}$ 1889) Ólafsd. b. á Stakkanesi Þorbergssonar. Stúd. 1842 Bessast., las guðfræði við háskólann, en lauk eigi embættisprófi. $^{2}/_{6}$ 1848 kennari við lærða skólann í Rvík, $^{26}/_{5}$ 1874 yfirkennari við sama skóla, lausn $^{24}/_{6}$ 1895. $^{10}/_{11}$ 1879 skipaður í milliþinganefnd í skattamálum. † 23. marz 1902 í Rvík. R. af dbr. $^{10}/_{8}$ 1874, dbrm. $^{26}/_{7}$ 1895. K. ($^{18}/_{11}$ 1849) Charlotte Caroline Leopoldine Degen. *Vþm. Rvík 1855—1857, þm. Rvík 1859—1861, 1867—1885, 1893, kgk. þm. 1863—1865.*

66. **Halldór Jónsson** f. 25. febr. 1810 á Ytrahóli á Skagaströnd. For.: J. († $^{8}/_{12}$ 1842) Pétursson síðar próf. á Steinnesi og k. h. Elízabet Björnsdóttur pr. í Bólstaðarhlíð Jónssonar. Útskrifaður 1831 af Gunnlaugi Oddsen dómkirkjupr. í Rvík, cand theol. I $^{2}/_{5}$ 1840 Kh. Vígður $^{6}/_{6}$ 1841, v. $^{16}/_{11}$ 1840 Glaumbær, $^{5}/_{5}$ 1849 Hof í Vopnafirði, próf. í Skagf. 1841—1849, í N.-Múl. 1854—1879. † 17. júlí 1881 á Hofi í Vopnafirði. R. af dbr. $^{29}/_{9}$ 1866, dbrm. $^{24}/_{5}$ 1877. K. 1. ($^{6}/_{6}$ 1841) Gunnþórunn Ingibjörg Ragnheiður († $^{12}/_{8}$ 1856) Gunnlaugsdóttir dómkirkjupr. Oddsens; k. 2. ($^{28}/_{8}$ 1859) Valgerður († $^{25}/_{7}$ 1894) Ólafsdóttir yfirdómara Finsens. *Kgk. þm. 1845—1849, kgk. þfm. 1851, þm. N.-Múl. 1859—1865, 1869.* F. a. 1863.

67. **Hallgrímur Jónsson** f. 16. ágúst 1811 í

Húsavík. For.: J. († 14/6 1862) Þorsteinsson síðast pr. á Kirkjubæ og k. h. Þuríður († 30/10 1867) b. á Ljósavatni Þorlákssonar. Stúd. 1835 Bessast, cand. theol. I 8/7 1840 Kh. Vigður 18/4 1841, v. 6/11 1840 Hólmar í Reyðarfirði, 26/6 1854 Rvík, en fór þangað eigi, próf. í S.-Múl. 1847—1862. † 5. jan. 1880 á Hólmum. K. (8/10 1840) Kristrún († 29/9 1881) Jónsdóttir próf. á Grenjaðarstað Jónssonar. *Þfm. S.-Múl. 1851.*

68. **Hallgrímur Jónsson** f. 19. nóv. 1826 á Ási í Melasveit. For.: J. († 9/11 1841) Hallgrímsson síðar b. á Melaleiti og k. h. Halldóra Sigurðardóttir b. á Ytra-Hólmi Björnssonar. Bóndi á Miðteig á Akranesi (er hann kallar Guðrúnarkot) síðan 1854. Dbrm. 28/3 1899. K. (11/7 1853) Margret († 9/7 1903) Jónsdóttir b. á Hnausum Ólafssonar. *Þm. Borg. 1869—1873.*

69. **Hallgrímur Sveinsson** f. 5. apríl 1841 á Blöndudalshólum. For.: S. Níelsson (189) og s. k. h. Guðrún Jónsdóttir. Stúd. ág. 1863 Rvík, cand. theol. II 24/6 1870 Kh. Vígður 8/10 1871, v. 4/9 1871 Rvík, skipaður 16/4 1889 biskup yfir Íslandi, vígður 30/5 1889. R. af dbr. 10/8 1874, dbrm. 8/4 1891, k.² 30/1 1902. K. (16/9 1871) Elina Marie Bolette Fevejle yfirlæknis við Garnisonshospital í Kh. *Kgk. þm. 1885—1886, 1893—1903.* F. s. þ. 1897—1899.

70. **Hannes** Þórður **Hafstein** f. 4. des. 1861 á Möðruvöllum í Hörgárdal. For.: J. P. Havsteen amtmaður (122) og seinasta k. h. Kristjana Gunnarsdóttir. Stúd I 1880 Rvík, cand. jur. II 19/6 1886. Settur 28/8 1886 sýslum. í Dal., 27/11 1886 málafærslumaður við landsyfirréttinn, 8/11 1889 landritari, 26/9 1895 sýslum. í Ísf. og bæjarfógeti í Ísfjk. 31/1 1904 ráðherra yfir Íslandi. R. af dbr. 27/1 1904. K. (15/10 1889) Ragnheiður Stefánsdóttir

pr. í Vestmannaeyjum Thordersens. *2. þm. Ísf. 1901, 2. þm, Eyf. 1903 1. þm. Eyf. 1905.*

71. **Hannes Stephensen** f. 12. okt. 1799 á Hvanneyri í Borgarfirði. For.: Stefán († $^{20}/_{12}$ 1820) Ólafsson Stephensen amtmaður og f. k. h. Marta María († $^{14}/_{6}$ 1805) Diðriksdóttir kaupm. Hölters. Stúd. 1818 Bessast., cand. theol. $^{28}/_{4}$ 1824 Kh. Vígður $^{25}/_{9}$ 1825, v. $^{19}/_{8}$ 1825 Saurbær á Hvalfjarðarströnd, en fór þangað eigi, $^{8}/_{11}$ 1825 Garðar á Akranesi, próf. í Borg. 1833—1856. † 29. sept. 1856 á Ytra-Hólmi. K. ($^{24}/_{6}$ 1825) Þórunn († $^{16}/_{6}$ 1876) Magnúsdóttir konferenzráðs í Viðey Stephensens. *Þm. Borg. 1845—1855, 1. þfm. Borg. 1851.* F. a. 1855.

72. **Hannes Þorsteinsson** f. 30. ágúst 1860 á Brú í Biskupstungum. For.: Þ. († $^{12}/_{6}$ 1904) Narfason síðar í Rvík og k. h. Sigrún († $^{5}/_{4}$ 1894) Þorsteinsdóttir b. á Drumboddsstöðum Tómassonar. Stúd. I 1886 Rvík, cand. theol. I 1888 Rvík. Ritstjóri Þjóðólfs síðan $^{1}/_{1}$ 1892. K. ($^{8}/_{12}$ 1889) Jarþrúður Jónsdóttir háyfirdómara Péturssonar. *1. þm. Árn. 1901 og síðan.*

73. **Helgi Hálfdánarson** f. 19. ágúst 1826 á Rúgstöðum í Eyjafirði. For.: H. († $^{8}/_{11}$ 1865) Einarsson síðast pr. á Eyri við Skutilsfjörð og k. h. Álfheiður († 1833) Jónsdóttir pr. á Möðrufelli Jónssonar. Stúd. I 1848 Rvík, cand. theol. I $^{25}/_{1}$ 1854 Kh. Vígður $^{10}/_{6}$ 1855, v. $^{7}/_{4}$ 1855 Kjalarnesþing, $^{15}/_{4}$ 1858 Garðar á Álftanesi; $^{22}/_{5}$ 1867. kennari við prestaskólann í Rvík, $^{1}/_{10}$ 1885 forstöðumaður hans. † 2. jan. 1894 í Rvík. R. af dbr. $^{28}/_{5}$ 1879. K. ($^{15}/_{6}$ 1855) Þórhildur Tómasdóttir pr. á Breiðabólsstað Sæmundssonar. *Þm. G.-K. 1863, þm. Vestm. 1865—1869.*

74. **Helgi Helgason** f. 9. júlí 1783 í Vogi á Mýrum. For.: H. († $^{20}/_{7}$ 1819) Helgason b. þar og

k. h. Elín († $^{6}/_{12}$ 1827) Egilsdóttir b. í Arnarholti Jónssonar. Bóndi í Vogi á Mýrum 1815—1851. † 15. des. 1851 í Vogi. Dbr. $^{17}/_{1}$ 1835. K. (1814) Ingibjörg († $^{18}/_{11}$ 1852) Jónsdóttir pr. í Hítarnesi Sigurðssonar. *Þm. Mýr. 1845—1849.*

75. **Helgi Thordersen** f. 8. apríl 1794 á Arnarhóli við Rvík. For.: Guðmundur († $^{5}/_{9}$ 1803) Þórðarson síðar verzlunarstjóri í Hafnarfirði og k. h. Steinunn († $^{27}/_{5}$ 1859) Helgadóttir b. á Ökrum Guðmundssonar. Stúd. 1813 Bessast., cand. theol. 1819 Kh. Vígður $^{7}/_{5}$ 1820, v. $^{6}/_{4}$ 1820 Saurbær á Hvalfjarðarströnd, $^{4}/_{5}$ 1825 Oddi á Rangárvöllum, $^{4}/_{11}$ 1835 Rvík, próf. í Rang. 1826—1835; $^{25}/_{9}$ 1845 biskup yfir Íslandi, vígður $^{5}/_{7}$ 1846, lausn $^{28}/_{2}$ 1866. † 4. des. 1867 í Rvík. R. af dbr. $^{10}/_{6}$ 1841, dbrm. $^{6}/_{10}$ 1853. K. ($^{21}/_{6}$ 1820) Ragnheiður († $^{28}/_{5}$ 1866) Stefánsdóttir amtmanns Stephensens. *Kgk. þm. 1845—1865, kgk. þfm. 1851.*

76. **Hermann Jónasson** f. 22. okt. 1858 á Víðikeri í Bárðardal. For.: J. († $^{18}/_{4}$ 1870) Hallgrímsson síðar í Dona Francisca í Brasilíu og k. h. Sigríður († 1894) Jónsdóttir b. á Lundarbrekku Sigurðssonar. Útskrifaður úr búnaðarskólanum á Hólum 1884, nam síðan búfræði í Danmörku. Skólastjóri alþýðuskólans í Hléskógum 1887—1888, skólastjóri Hólaskóla 1888—1896; b. á Þingeyrum 1896—1905, skipaður $^{1}/_{4}$ 1905 ráðsmaður holdsveikisspítalans í Laugarnesi, skipaður $^{30}/_{4}$ 1904 í milliþinganefnd í landbúnaðarmálum. K. ($^{18}/_{6}$ 1888) Guðrún Jónsdóttir b. á Hrafnkelsstöðum Sigurðssonar. *1. þm. Húnv. 1901 og síðan.*

77. **Hjálmur Pétursson** f. 23. des. 1828 á Sigmundarstöðum í Hvítársíðu. For.: P. († $^{5}/_{6}$ 1859) Jónsson síðar b. í Norðtungu og k. h. Ingibjörg Einarsdóttir b. í Kalmanstungu Þórólfssonar. Bóndi

í Norðtungu, Hamri í Þverárhlíð og Syðsta-Vatni í Skagafirði. † 5. maí 1898 á Syðsta-Vatni. K. ($^{10}/_{6}$ 1854) Helga († $^{17}/_{4}$ 1904) Árnadóttir b. í Kalmanstungu Einarssonar. *Þm. Mýr. 1865--1879.*

78. **Holger** Peter **Clausen** f. 1. ágúst 1831 í Ólafsvík. For.: Hans Arreboe Clausen († $^{27}/_{3}$ 1891) síðar stórkaupm. í Kh. og k. h. Ása Óladóttir Sandholts kaupm. í Rvík. Ferðaðist víða um lönd, og var um hríð við gullgröft í Ástralíu. Kaupm. í Ólafsvík, á Búðum, í Stykkishólmi og í Rvík. † 29. maí 1901 í Rvík. K. 1. ensk, k. 2. Guðrún Þorkelsdóttir pr. á Staðastað Eyjólfssonar. *Þm. Snæf. 1881—1885.*

79. **Indriði Einarsson** f. 30. apríl 1851 á Húsabakka í Skagafirði. For.: E. Magnússon síðar b. á Krossnesi og k. h. Evfemía Gísladóttir sagnfræðings Konráðssonar. Stúd. II 1872 Rvík, cand. polit. I $^{9}/_{6}$ 1877, 1878 aðstoðarm. hjá landfógeta, $^{26}/_{11}$ 1879 endurskoðari landsreikninganna, $^{1}/_{2}$ 1904 fulltrúi í stjórnarráði Íslands. K. ($^{20}/_{7}$ 1880) Marta Pétursdóttir organleikara Guðjohnsens. *Þm. Vestm. 1891.*

80. **Indriði Gíslason** f. 14. janúar 1822 á Ytra-Skörðugili. For.: G. († $^{2}/_{2}$ 1877) Konráðsson sagnfræðingur og f. k. h. Evfemía († 1846) Benediktsdóttir í Rauðhúsum Ólafssonar. Bóndi í Bæ í Króksfirði 1850—1852, Hvoli í Saurbæ 1852—1898. † 10 maí 1898 á Hvoli. K. ($^{6}/_{10}$ 1846) Anna María († $^{9}/_{6}$ 1890) Guðmundsdóttir b. á Egg Sigurðssonar. *Vþm. Dal. 1859—1863.*

81. **Ísleifur Gíslason** f. 12. maí 1841 á Selalæk á Rangárvöllum. For.: G. († $^{10}/_{7}$ 1851) Ísleifsson pr. í Kálfholti og k. h. Sigríður Guðmundsdóttir b. í Hvammi í Mýrdal Loftssonar. Stúd. I 1860 Rvík, cand. theol. I 1862 Rvík. Vígður $^{18}/_{6}$ 1865, v. $^{28}/_{5}$ 1865 Keldnaþing, $^{4}/_{11}$ 1878 Arnarbæli í

Ölfusi. † 21. okt. 1892 í Arnarbæli. K. ($^{22}/_{6}$ 1865) Karitas Markúsdóttir próf í Odda Jónssonar. *2. þm. Rang. 1875—1879.*

82. **Jakob Guðmundsson** f. 10. júní 1817 á Reynistað. For.: G. Jónsson og Guðrún Ólafsdóttir b. í Skjaldarvík Ólafssonar. Stúd. II 1847 Rvík, cand. theol. I 1849 Rvík. Vígður $^{15}/_{6}$ 1851; v. $^{26}/_{6}$ 1851 Kálfatjörn, $^{5}/_{6}$ 1857 Rípur, $^{8}/_{10}$ 1868 Kvennabrekka. † 7. maí 1890 á Sauðafelli. K. Steinunn Guðmundsdóttir kaupm. í Njarðvíkum Péturssonar. *2. þfm. Rvík. 1851, þm. Dal. 1883—1889.**

83. **Jakob Pétursson** f. 1790 (skírður 10. okt.) á Stóru-Laugum í Reykjadal. For.: P. († $^{15}/_{5}$ 1791) Jakobsson bóndi þar og k. h. Kristlaug († $^{8}/_{7}$ 1808) Grímsdóttir b. á Stóru-Laugum Björnssonar. Bóndi á Stóru-Laugum og síðar á Breiðumýri. † 17. júní 1885 á Breiðumýri. Umboðsmaður Reykjadals og Norðursýslujarða 1827—1876. Dbrm. $^{1}/_{1}$ 1860. K. Þuríður († $^{25}/_{6}$ 1862) Jónsdóttir umboðsm. á Breiðumýri Sigurðssonar. *Þm. N.-Þing. 1845—1849.*

84. **Jens** Ólafur Páll **Pálsson** f. 1. apríl 1851 á Skarði á Skarðströnd. For.: Páll Jónsson Mathiesen († $^{9}/_{2}$ 1880) síðast pr. í Arnarbæli, og k. h. Guðlaug Þorsteinsdóttir bónda í Núpakoti Magnússonar. Stúd II. 1870 Rvík, cand. theol. I. 1872 Rvík. Vígður $^{2}/_{11}$ 1873 aðstoðarpr. föður síns að Arnarbæli, v. $^{11}/_{1}$ 1879 Þingvellir, $^{27}/_{6}$ 1886 Útskálar, $^{26}/_{9}$ 1895 Garðar á Álftanesi, $^{22}/_{11}$ 1900 próf. í Kjalarnesþingi. K. Guðrún Pétursdóttir organleikara Guðjohnsens. *Þm. Dal. 1891—1899.*

85. **Jens Sigurðsson** f. 6. júlí 1813 á Rafnseyri við Arnarfjörð. For.: S. († $^{31}/_{10}$ 1855) Jónsson pr. þar og k. h. Þórdís ($^{28}/_{8}$ 1862) Jónsdóttir pr. á Holti í Öndundarfirði Ásgeirssonar. Stúd. 1837

Bessast., cand. theol. I. $^{20}/_{1}$ 1845, Kh. v. $^{18}/_{11}$ 1847 Staðastaður, en fór þangað eigi, settur $^{26}/_{9}$ 1846 kennari við Rvíkurlærðaskóla, $^{18}/_{4}$ 1848 fastur kennari, $^{20}/_{4}$ 1869 skólastjóri. † 2. nóv. 1872 í Rvík. K. ($^{28}/_{9}$ 1848) Ólöf († $^{7}/_{12}$ 1874) Björnsdóttir yfirkennara Gunnlaugssonar. *1. þfm. G.-K. 1851.*

86. **Jóhann** Kristján **Briem** f. 7. ág. 1818 á Kjarna í Eyjafirði. Albróðir Eggerts Briems (33). Stúd. 1841 Bessast. Las guðfræði við háskólann, en tók eigi embættispróf. Vígður $^{18}/_{5}$ 1845, v. $^{26}/_{4}$ 1845 Hruni lausn $^{7}/_{3}$ 1883; próf. í Árn. 1848—1861. † 18. apríl 1894 í Hruna. R. af dbr. $^{2}/_{8}$ 1874. K. (1847) Sigríður († $^{28}/_{4}$ 1904) Stefánsdóttir b. í Oddgeirshólum Pálssonar. *2. þfm. Árn. 1851.*

87. **Jóhannes Jóhannesson** f. 17. jan. 1866 í Hjarðarholti í Stafholtstungum. For.: J. († $^{11}/_{2}$ 1869) Guðmundsson sýslum. og k. h. Maren Lárusdóttir sýslum. í Enni Thorarensens. Stúd. I. 1886 Rvík, cand. jur. I. $^{2}/_{6}$ 1891. 1891 aðstoðarmaður í íslenzku stjórnardeildinni, settur $^{1}/_{8}$ 1894 sýslum í Húnv., $^{18}/_{4}$ 1897 sýslum. í N.-Múl. og bæjarfógeti á Seyðisfirði. Skipaður $^{28}/_{9}$ 1904 forseti í amtsr. Austuramtsins. K. Jósefína Antonía Lárusdóttir sýslumanns Blöndals. *2. þm. N.-Múl. 1901, 1. þm. N.-Múl. 1903 og síðan.*

88. **Jóhannes Ólafsson** f. 22. júlí 1859 í Haukadal í Dýrafirði. For.: Ól. († $^{31}/_{12}$ 1899) Jónsson b. í Haukadal og k. h. Ingibjörg Jónsdóttir b. í Stapadal Bjarnasonar. Trésmiður á Þingeyri við Dýrafjörð. K. ($^{17}/_{3}$ 1884) Helga Samsonardóttir b. á Granda í Dýrafirði Samsonarsonar. *Þm. V.-Ísf. 1903 og síðan.*

89. **Jón Bjarnason** f. 4. jan. 1807 á Reynistað. For.: B. Þorleifsson b. þar og k. h. Sigríður Þorleifsdóttir b. á Siglunesi Jónssonar. Bóndi í Ey-

hildarholti í Skagafirði, Reykhólum, Ólafsdal og Óspakseyri í Bitru. † 1. marz 1892 á Skriðnesenni í Bitru. K. Margrét Magnúsdóttir pr. í Glaumbæ Magnússonar. *Þm. Dal. 1865—1867.*

90. **Jón Auðunn Blöndal** f. 7. nóv. 1825 á Hvammi í Vatnsdal. For.: Björn Blöndal sýslum. (19) og k. h. Guðrún Þórðardóttir. Stúd. 1846 Bessast., cand theol. I. 1849 Rvík. Vígður $^{25}/_{6}$ 1851, v. $^{1}/_{11}$ 1850 Hof á Skagaströnd, lausn $^{28}/_{6}$ 1860; gerðist þá verzlunarstjóri í Grafarósi og síðar kaupstjóri Skagfirðingakaupfélagsins. † 3. júní 1878 í Grafarósi. K. Arndís Pétursdóttir b. á Miðhópi Péturssonar. *1. þm. Skagf. 1875—1877.*

91. **Jón Guðmundsson** f. 10. desember 1807 í Melshúsum í Reykjavík. For.: G. († $^{26}/_{5}$ 1812) Bernharðsson fyr b. á Kringlu og s. k. h. Ingunn († $^{1}/_{3}$ 1839) Guðmundsdóttir pr. í Reykjadal Guðmundssonar. Stúd. 1832 Bessast., umboðsmaður Kirkjubæjarklausturs 1835—1847; exam. jur. I. $^{5}/_{5}$ 1851, $^{30}/_{7}$ 1858 málfærslumaður við landsyfiréttinn í Rvík. Ritstjóri Þjóðólfs $^{10}/_{11}$ 1852—$^{18}/_{4}$ 1874. † 31. maí 1875 í Rvík. K. ($^{26}/_{9}$ 1836) Hólmfríður († $^{25}/_{11}$ 1876) Þorvaldsdóttir próf. í Holti Böðvarssonar. *Þm. Sk. 1845—1857; V.-Sk. 1859—1867. 1. þfm Sk. 1851.* F. a. 1859—1861.

92. **Jón Hávarðsson** f. 10. ágúst 1800 á Hólum í Norðfirði. For.: H. († $^{15}/_{9}$ 1823) Jónsson b. þar og k. h. Guðný († $^{28}/_{9}$ 1834) Þorsteinsdóttir pr. á Skorrastað Benidiktss. Útskrifaður 1824 af dr. Gísla Brynjólfssyni pr. á Hólmum. Vígður $^{20}/_{4}$ 1828 aðstoðarpr. Benedikts Þorsteinssonar á Skorrastað, v. $^{26}/_{4}$ 1845 Skorrastaður, $^{12}/_{11}$ 1857 Heydalir, lausn $^{26}/_{7}$ 1868. † 5. marz 1881 á Ósi í Breiðdal. K. ($^{26}/_{6}$ 1825)) Solveig († $^{8}/_{4}$ 1870) Benediktsdóttir pr. á Skorrastað Þorsteinssonar. *Þm. S.-Múl. 1855—1857.*

93. **Jón Hjaltalín** f. 27. apríl 1807 í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. For.: Jón (†$^{25}/_{12}$ 1835) Hjaltalín, síðast pr. á Breiðabólsstað á Skógarströnd, og s. k. h. Gróa († $^{8}/_{6}$ 1834) Oddsdóttir pr. á Reynivöllum Þorvarðssonar. Útskrifaður 1830 af Gunnlaugi dómkirkjupr. Oddsen, cand. med. I. 1837 Kh., cand. chir. við háskólann í Kiel 1839 ág. 1839 doktor med. við háskólann í Kiel, s. á. skipaður læknir við hersveit Danakonungs, $^{4}/_{9}$ 1839 »Batallionskirúrg« (að nafnbót), síðan um hríð læknir í Danmörku, v. $^{18}/_{9}$ 1855 landlæknisembætti á Íslandi ásamt héraðslæknisembætti í G.-K. og Borg., $^{21}/_{2}$ 1876 jafnframt skólastjóri læknaskólans í Rvík, lausn $^{19}/_{7}$ 1881, † 8. júní 1882 í Rvík. Justizráð $^{1}/_{1}$ 1860, r. af dbr. $^{26}/_{5}$ 1867, dbrm. $^{2}/_{8}$ 1874, r. frakknesku heiðursfylkingarinnar $^{5}/_{10}$ 1870, etazráð $^{19}/_{7}$ 1881, en sagði þeirri nafnbót þegar af sér. K. ($^{12}/_{8}$ 1840) Karen Jakobine († $^{22}/_{5}$ 1866) Baagöe verzlunarstjóra á Húsavík. *Kgk. þm. 1859—1881.*

94. **Jón A. Hjaltalín** f. 21. marz 1840 á Stað í Súgandafirði. For.: Andrés († $^{22}/_{7}$ 1882) Hjaltason, síðast pr. í Flatey og f. k. h. Margrét († $^{14}/_{5}$ 1859) Ásgeirsdóttir bónda á Rauðamýri Ásgeirssonar. Stúd. I. 1861 Rvík; cand. theol. I. 1864 Rvík. $^{5}/_{12}$ 1871 undirbókavörður við Advocates Library í Edinborg. $^{19}/_{11}$ 1879 undirbókavörður við University Library í Edinborg, $^{30}/_{6}$ 1880 skólastjóri Möðruvallaskólans. R. af dbr. $^{31}/_{12}$ 1902 K. ($^{28}/_{5}$ 1863) Margrét Guðrún († $^{12}/_{6}$ 1903) Jónsdóttir landlæknis Thorstensons. *Kgk. þm. 1887—1897.*

95. **Jón Jakobsson** f. 6. desember 1860 á Hjaltastað. For.: J. Benediktsson síðast pr. í Glaumbæ og k. h. Sigríður Jónsdóttir pr. á Breiðabólsstað Halldórssonar. Stúd. II. 1880 Rvík; cand. phil $^{17}/_{6}$ 1881 Kh. Bóndi á Víðimýri 1890—1896;

1895 undirbókavörður landsbókasafnsins, 4/10 1897 jafnframt forngripavörður. (K. 24/8 1895) Kristín Pálsdóttir alþm. Vídalíns. *2. þm. Skgf. 1893—1899, 2. þm. Húnv. 1903 og síðan.*

96. **Jón Jensson** f. 23. nóvember 1855 í Rvík. For.: Jens skólastj. Sigurðsson (85) og k. h. Ólöf Björnsdóttir. Stúd. II. 1876 Rvík; cand jur. I. 7/1 1882, 1882 aðstoðarmaður í íslenzku stjórnardeildinni, 7/6 1884 landritari, 9/8 1889 2. yfirdómari og dómsmálaritari landsyfirréttarins í Rvík. K. (9/1 1886) Sigríður Hjaltadóttir bónda á Ytriey Ólafssonar Thorbergs. *Þm. Rvík 1894—1899.*

97. **Jón Johnsen** f. 24. febr. 1806 Drumboddsstöðum. For. : Jón († 14/11 1842) Johnson umboðsmaður á Stóra-Ámóti og k. h. Halla († 10/9 1851) Magnúsdóttir b. á Skálmholtshrauni Jónssonar. Útskrifaður 1825 af Árna biskupi Helgasyni; cand. jur. I. 26/11 1830, 1831 aðstoðarmaður bæjarfógetans í Kolding, 15/9 1836 2. yfirdómari og dómsmálaritari landsyfirréttarins í Reykjavík, settur um tíma stiftamtmaður, 6/6 1848 bæjarfógeti og ráðamaður í Álaborg, birkidómari í Álaborgarbirki og héraðsfógeti í nokkrum hluta Fleskum héraðs, lausn 22/9 1873. † 7. júlí 1881 í Álaborg. Jústizráð, 5/10 1850 22/9; 1873 etazráð. K. (11/4 1837) Anna Cathrine Martine Blichert prests í Kolding. *Þm. Árn. 1845—1849.*

98. **Jón Jónsson,** f. 13. marz 1804 á Hrísum í Eyjafirði. For.: J. († 8/2 1843) Stefánsson bóndi þar og k. h. Rósa († 16/8 1846) Pálsdóttir bónda á Úlfá. Bóndi á Hrísum 1826—1833, Munkaþverá 1833—1854, Ytrahóli í Kaupangssveit 1854—1856, Munkaþverá 1856—1857, Árbakka á Skagaströnd 1857—1859. 1/1 1855 umboðsmaður Þingeyrarklausturs. † 22. jan. 1859 á Árbakka. K. (9/10 1824) Þorgerður Jóns-

dóttir b. í Lögmannshlíð Jónssonar. *Þm. S.-Þing. 1849, þm. N.-Þing. 1853—1855, 1. þfm. S.-Þing. 1851.*

99. **Jón Jónsson** f. 4. marz 1816 í Reykjahlíð. Albróðir Hallgríms próf. Jónssonar (67). B. á Grænavatni við Mývatn 1840—1859, Lundarbrekku í Bárðardal 1859—1866. † 22. maí 1866 á Lundarbrekku. K. 1. ($^{18}/_{5}$ 1840) Kristjana († $^{9}/_{2}$ 1860) Kristjánsdóttir b. á Illugastöðum Jónssonar; K. 2. ($^{28}/_{7}$ 1862) Jórunn Jónsdóttir b. á Fornastöðum Indriðasonar. *2. þfm. S.-Þing. 1851.*

100. **Jón Jónsson** f. 30. júlí 1830 í Kalmanstungu. For.: J. († $^{5}/_{9}$ 1862) Árnason stúdent, síðar b. á Leirá og f. k. h. Halla († $^{24}/_{7}$ 1847) Jónsdóttir yngra pr. á Gilsbakka Jónssonar. Bóndi á Borgareyri undir Eyjafjöllum 1854—1856, Hvammi í Mýrdal 1856—1857, Höfðabrekku 1857—1868, Vík í Mýrdal 1868—1878. Umboðsmaður Kirkjubæjar-, Þykkvabæjar- og Flögujarða 1856—1878. † 28. apr. 1878 í Vík. Dbrm. $^{26}/_{5}$ 1867. K. ($^{26}/_{10}$ 1852) Guðlaug († 1898) Halldórsdóttir b. á Vífilsstöðum Þorsteinssonar. *Vþm. V.-Sk. 1871.*

101. **Jón Jónsson** f. 23. apríl 1841 í Rvík. For.: Jón Johnsen bæjarfógeti (97) og k. h. Anna Blichert. Stúd. 1861 Kh., cand. jur. I. $^{17}/_{1}$ 1867, 1867 aðstoðarmaður föður síns í Álaborg; $^{20}/_{11}$ 1872 landritari, jafnframt því embætti settur lögreglustjóri í kláðamálinu $^{9}/_{9}$ 1875—$^{8}/_{12}$ 1877. † 4. jan. 1883 í Reykjavík. *2, þm. Skgf. 1879—1881.*

102. **Jón Jónsson** f. 22. ágúst 1849 á Melum í Hrútafirði. For.: J. († $^{8}/_{6}$ 1900) Jónsson b. þar og k. h. Sigurlaug Jónsdóttir b. á Helgavatni Ólafssonar. Stúd. I. 1869 Rvík, cand. theol. I. 1874 Rvík. Vígður $^{9}/_{5}$ 1875, v. $^{28}/_{10}$ 1874 Bjarnanes, $^{9}/_{3}$ 1891 Stafafell; $^{28}/_{4}$ 1876 próf. í A.-Sk. K. 1. ($^{21}/_{6}$ 1880) Margrét († $^{30}/_{6}$ 1899) Sigurðard. próf. á Hallormsstað Gunnarssonar; k. 2. Guðrún Vigfús-

dóttir b. í Geitagerði Guttormssonar. *Þm. A.-Sk. 1885, 1893—1899.*

103. **Jón Jónsson** f. 15. ágúst 1852 í Hlíðarhúsum í Jökulsárhlíð. For.: J. († 11/9 1897) Jónsson síðar bóndi í Húsey, og f. k. h. Guðrún († 5/7 1857) Ásmundsdóttir b. á Hnitbjörgum Ísleifssonar. Bóndi í Húsey, Bakkagerði og Sleðbrjót, veitingamaður í Vopnafirði 1900—1903, fór 1903 til Vesturheims og dvelur í Álftavatnsnýlendunni. K. (1876) Guðrún Jónsdóttir b. á Surtsstöðum Þorsteinssonar. *1. þm. N.-Múl. 1889—1891, 2. þm. N.-Múl. 1893—1899, 1902.*

104. **Jón Jónsson** f. 23. apríl 1855 á Grænavatni við Mývatn. For.: J. Hinriksson síðar b. á Helluvaði og f. k. h. Friðrika († 2/12 1865) Helgad. b. á Skútustöðum Ásmundssonar. Bóndi á Arnarvatni, Reykjum og Múla í Aðaldal. Flutti 1900 á Seyðisfjörð og gerðist umboðsmaður L. Zöllners stórkaupmanns í Newcastle, en 1905 flutti hann til Akureyrar. Umboðsmaður Norðursýslu-umboðs 7/6 1895—15/10 1900. K. Valgerður Jónsdóttir bónda á Lundarbrekku Jónssonar. *Þm. N.-Þing. 1886—1891, 2. þm. Eyf. 1893—1899, þm. Sfjk. 1905.*

105. **Jón Kristjánsson** f. 17. maí 1812 á Þórðarstöðum í Fnjóskadal. Albróðir Benedikts próf. Kristjánssonar (11). Stúd. 1833 Bessast. Vígður 17/7 1836 aðstoðarpr. Eiríks Þorleifssonar á Þóroddsstað, v. 20/11 1843 Þóroddstaður, 11/8 1862 Þingeyraklaustur, 7/1 1868 Breiðabólsstaður í Vesturhópi, lausn 17/8 1883. † 14. apríl 1887 á Þverá í Vesturhópi. K. (16/7 1839) Guðný († 19/4 1892) Sigurðardóttir b. á Grímsstöðum við Mývatn Jónssonar. *Þm. S.-Þing. 1853—1857, vþm. Húnv. 1871.*

106. **Jón Magnússon** f. 16. jan. 1859 í Múla í Aðaldal. For.: M. († 19/3 1901) Jónsson síðast pr. í Laufási

og k. h. Vilborg Sigurðardóttir b. á Hóli í Kelduhverfi Þorsteinssonar. Stúd I. 1881 Rvík, cand. jur. I. $^{29}/_{6}$ 1891, $^{8}/_{7}$ 1891 sýslumaður í Vestmannaeyjum, $^{28}/_{2}$ 1896 landritari, $^{2}/_{3}$ 1904 skrifstofustjóri í stjórnarráði Íslands. Skipaður $^{18}/_{11}$ 1901 í milliþinganefnd í fátækramálum og $^{8}/_{1}$ 1905 formaður hennar. R. af. dbr. $^{27}/_{1}$ 1904. K. ($^{12}/_{5}$ 1892) Þóra Jónsdóttir háyfirdómara Péturssonar. *Þm. Vestm. 1902 og síðan.*

107. **Jón Ólafsson** f. 20. marz 1850 á Kolfreyjustað. For.: Ól. († $^{4}/_{8}$ 1861) Indriðason pr. þar og s. k. h. Þorbjörg Jónsdóttir silfursmiðs í Dölum í Fáskrúðsfirði Guðmundssonar. Gekk í Reykjavíkurskóla 1863—1868, en lauk eigi burtfararprófi. Gerðist ritstjóri blaðs í Reykjavík (Baldurs) 1868—1870, fór til Noregs 1870 og dvaldi þar 1 ár, kom inn aftur og var ritstjóri Göngu-Hrólfs ($^{24}/_{12}$ 1872—$^{14}/_{7}$ 1873). Fór 1873 til Ameríku, kom inn 1875, fór 1876 til Kh. og var þar um veturinn. Vorið 1877 kom hann til Eskifjarðar og stofnaði þar blaðið Skuld og gaf hana þar út ($^{8}/_{6}$ 1877 —$^{16}/_{10}$ 1880), í Kh ($^{8}/_{1}$—$^{28}/_{5}$ 1881), og í Rvik ($^{18}/_{1}$ 1882—$^{28}/_{2}$ 1883). Var síðan um hríð í Rvík og var ritstj. Þjóðólfs ($^{6}/_{1}$ 1883—$^{31}/_{12}$ 1885). Fór 1890 til Ameríku og fékst þar við ritstjórn Lögbergs, Heimskringlu o. fl. blaða, og um tíma var hann við Field Columbian Mueseum bókasafnið og síðan við Newberry bókasafnið í Chicago. Kom til Reykjavíkur 1897 og gaf þar út blaðið Nýju Öldina (1897—1899) og síðan 1903 hefur hann verið ritstjóri blaðsins Reykjavík og sömuleiðis bóksali. Hann hefir og styrk af landsjóði til skrásetningar Landsbókasafnsins. K. ($^{20}/_{8}$ 1878) Helga Eiríksdóttir bónda á Karlskála Björnssonar. *2. þm. S.-Múl. 1881—1885. 1.þm. S.-Múl. 1886—1889, kgk. þm. 1905.*

108. **Jón Pálmason** f. 11. júlí 1826 á Sólheimum í Húnv. For.: P. († $^{28}/_{12}$ 1846) Jónsson b. þar og k. h. Ósk († $^{28}/_{5}$ 1866) Erlendsdóttir bónda á Holtastöðum Guðmundssonar. Bóndi á Sólheimum 1848—1867, Stóradal 1867—1886. † 9. okt. 1886 í Stóradal. K. ($^{14}/_{7}$ 1847) Ingibjörg Salóme Þorleifsdóttir b. í Stóradal Þorkelssonar. *Vpm. Húnv. 1863—1865.*

109. **Jón Pétursson** f. 16. janúar 1812 á Víðivöllum. For.: P. († $^{29}/_{7}$ 1842) Pétursson próf. þar og s. k. h. Þóra († $^{8}/_{9}$ 1843) Brynjólfsdóttir b. á Þrastarstöðum Halldórssonar. Stúd. 1834 Bessast. cand. jur. I. $^{5}/_{11}$ 1841; settur 1843 sýslum. í Eyf. $^{9}/_{4}$ 1844 sýslum. í Strand., $^{10}/_{5}$ 1847 í Borg., $^{1}/_{6}$ 1848 í Mýr., $^{16}/_{5}$ 1850 2. yfirdómari í landsyfirréttinum, $^{31}/_{3}$ 1856 1. yfirdómari; $^{7}/_{11}$ 1877 háyfirdómari, lausn $^{16}/_{4}$ 1889. Settur $^{1}/_{9}$ 1847—$^{1}/_{7}$ 1848 amtmaður í Vesturamtinu, og 1851—1852 bæjarfógeti í Rvík og 1886 landshöfðingi. † 16. jan. 1896 í Rvík. Skipaður 1870 form. í milliþinganefnd í landbúnaðarmálum. R. af dbr. $^{2}/_{8}$ 1874, dbrm. $^{16}/_{4}$ 1889. K. 1. ($^{15}/_{7}$ 1848) Jóhanna Soffía († $^{21}/_{5}$ 1855) Bogadóttir b. á Staðarfelli Benediktssonar, k. 2. (1856) Sigþrúður Friðriksdóttir prests í Akureyjum Eggerz. *Vpm. Strand. 1855. Kgk. þm. 1859—1886.*

110. **Jón Samsonarson** f. 1. sept. 1794 í Stóru-Gröf á Langholti. For.: S. Samsonarson b. þar og k. h. Ingibjörg Jónsdóttir. Bóndi á Grund í Blönduhlíð 1822—1824, Stóru-Gröf 1824—1838, Keldudal í Hegranesi 1838—1859. † 7. des. 1859 í Keldudal. K. 1. (1820) Guðrún († $^{22}/_{10}$ 1840) Sigurðardóttir b. í Miklabæ í Óslandshlíð, k. 2. (1841) Dýrfinna Jónsdóttir b. á Hornstöðum í Laxárdal Jónssonar. *Þm. Skgf. 1845—1857.*

111. **Jón Sigurðsson** f. 21. nóv. 1808 á Brennistöðum í Borgarhreppi. For.: S. Jónsson síðar b. í Litlu-Gröf og k. h. Guðrún († 19/7 1846) Salómonsdóttir b. Jónssonar. Bóndi í Blönduhlíð í Hörðudal 1832—1833, Litla-Fjalli í Borgarhreppi 1833—1842, Tandraseli 1842—1860, Haugum í Stafholtstungum 1860—1862. † 9. apríl 1862 á Haugum. K. (1832) Guðrún Teitsdóttir b. á Hrafnabjörgum Halldórssonar. *Þm. Mýr. 1853—1861, 1. þfm. Mýr. 1851.*

112. **Jón Sigurðsson** f. 17. júní 1811 á Rafnseyri við Arnarfjörð. Albróðir Jens Sigurðssonar (85). Útskrifaður 1829 af Gunnlaugi Oddsen dómkirkjupr, las málfræði við háskólann, en lauk eigi embættisprófi. Var síðan í Kh. og fékst mest við ritstörf. 1835 styrkþegi Árna Magnússonar gjafarsjóðsins, og 1848—1879 skrifari Árna Magnússonar nefndarinnar, 1847—1865 skjalavörður í fornritanefnd hins konunglega norræna fornfræðafélags. Hann var heiðursmeðlimur ýmsra félaga. Skipaður 20/9 1861 í nefnd til að gera uppástungur um fjárhagssamband Íslands og Danmerkur. † 7. des. 1879 í Kh. R. af dbr. 1/1 1859. K. (4/9 1845) Ingibjörg († 16/12 1879) Einarsdóttir kaupmanns í Rvík Jónssonar. *Þm. Ísf. 1845—1877* en sat eigi á þingi 1855, 1861 og 1863. F. a. 1849, 1853, 1857, 1865—1873. F. s. þ. 1875—1877, f. n. d. 1875—1877.

113. **Jón Sigurðsson** f. 11. maí 1828 á Gautlöndum. For.: S. († 18/8 1843) Jónsson b. þar og s. k. h. Kristjana († 31/12 1851) Aradóttir b. á Skútustöðum Ólafssonar. Bóndi á Gautlöndum 1844—1889. 10/3 1885 umboðsmaður Norðursýsluumboðs. † 26. júní 1889 á ferð til alþingis á Bakkaseli í Yxnadal. Skipaður 1870 í milliþinganefnd í land-

búnaðarmálum og skipaður $^{10}/_{11}$ 1874 í milliþinganefnd í skattamálum. Dbrm. $^{26}/_{5}$ 1867. K. ($^{14}/_{6}$ 1848) Solveig († $^{17}/_{8}$ 1889) Jónsdóttir pr. í Kirkjubæ Þorsteinssonar. *Þm. S.-Þing. 1859—1873, 1881—1885, 2. þm. Þing. 1875—1879, 1. þm. Eyf. 1886—1887.* F. n. d. 1879—1883, 1886—1887.

114. **Jón Thorstenson** f. 7. júní 1794 á Kúfustöðum á Ásum. For.: Þorsteinn Steindórsson síðar b. í Holti á Ásum og k. h. Margrét Jónsdóttir b. á Eyvindarstöðum í Blöndudal. Stúd. 1815 Bessast., cand. med & chir $^{2}/_{7}$ 1819 Kh., v. $^{17}/_{12}$ 1819 landlæknisembætti á Íslandi ásamt héraðslæknisembættinu í G.-K. og Borg. † 15. febr. 1855 í Rvík. Justizráð $^{19}/_{8}$ 1842, dr. phil. $^{28}/_{3}$ 1847 við háskólann í Marburg. K. ($^{21}/_{6}$ 1821) Elín († $^{4}/_{6}$ 1887) Stefánsdóttir amtmanns Stephensens. *Kgk. þm. 1847—1849, þm. Rvík 1853.*

115. **Jón Þórarinsson** f. 24. febr. 1854 á Melstað, For.: Þ. Böðvarsson próf. (197) og k. h. Þórunn Jónsdóttir. Stúd. II. 1877 Rvík, cand. phil. $^{12}/_{6}$ 1878 Kh., $^{22}/_{12}$ 1882 skólastjóri Flensborgarskólans. K. ($^{21}/_{8}$ 1884) Guðrún Jóhanna Laura († $^{5}/_{5}$ 1894) Pétursdóttir amtmanns Havsteens. K. 2. Sigríður Magnúsdóttir b. í Viðey Stephensens. *2. þm. G.-K. 1886—1899.*

116. **Jón Þórðarson** f. 12. febr. 1813 í Eyvindarmúla í Fljótshlíð. For.: Þ. († $^{12}/_{5}$ 1845) Jónsson bóndi þar og k. h. Ólöf Beinteinsdóttir lögréttum. á Breiðabólsst. í Ölfusi Ingimundars. Bóndi á Hlíðarenda 1841—1845, Eyvindarmúla 1845—1903. † 10. júní 1903 í Eyvindarmúla. K. ($^{18}/_{11}$ 1840) Steinunn Auðunsdóttir pr. á Stóruvöllum Jónssonar. *Vþm. Rang. 1847—1849.*

117. **Jón Þorkelsson** f. 16. apríl 1849 á Ásum í Skaftártungu. For.: Þ. († $^{19}/_{12}$ 1891) Eyjólfs-

son síðast pr. á Staðastað og k. h. Ragnheiður († 18/7 1905) Pálsdóttir próf. í Hörgsdal Pálssonar. Stúd. II. 1882 Rvík, cand. mag. 26/6 1886 Kh., dr. phil. 30/6 1888. Var um hríð við ritstörf í Kh., 8/12 1899 skjalavörður við Landsskjalasafnið í Rvík. K. (1885) Karólína Jónsdóttir b. á Finnastöðum Jóhannessonar. *Þm. Snæf. 1893.*

118. **Jónas Jónassen** f. 18. ágúst 1840 í Rvík. Albróðir E. Th. Jónassens (36). Stúd. I. 1860 Rvík.; cand. med. & chir II. 1866 Kh.; skipaður 8/8 1868 aðstoðarmaður landlæknis, 21/9 1876 héraðslæknir í Rvík, 7/11 1895 landlæknir. Dr. med 30/6 1882. 1897 riddari af heiðursfylkingu Frakka. K. (30/11 1871) Þórunn Pétursdóttir amtmanns Havsteens. *Þm. Rvík. 1886 -1891, kgk. þm. 1899 -1903.*

119. **Jósafat Jónatansson** f. 18. ágúst 1844 á Kolþernumýri í Vesturhópi. For.: J. († 1879) Jósafatsson b. þar og k. h. Kristín († 30/10 1898) Kristmundsdóttir b. á Kolugili í Víðidal Guðmundssonar. Bóndi í Gröf í Víðidal 1874—1883, Holtastöðum i Langadal 1883—1905. † 19. okt. 1905 á Holtastöðum. K. (1874) Gróa Kristín Jónsdóttir b. á Holtastöðum Guðmundss. *2. þm. Húnv. 1901—1902.*

120. **Jósef Skaftason** f. 28. maí 1802 á Skeggjastöðum á Langanesströndum. For.: S. († 26/11 1804) Skaftason pr. þar og k. h. Guðrún Einarsdóttir pr. á Sauðanesi Árnasonar. Stúd 1827 Bessast., cand. med. 1837 Kh.; var um hríð praktiserandi læknir í Húnv. og Skagf., v. 31/3 1856 læknisembætti þar, † 30. júní 1875 á Hnausum. Kansellíráð 26/5 1867, r. af. dbr. 2/8 1874. K. (10/7 1837) Anna Margrét († 14/12 1885) Björnsdóttir umboðsm. á Þingeyrum Ólsens. *1. þfm. Húnv. 1851.*

121. Jóhannes **Júlíus Havsteen** f. 13. ágúst 1839 á Akureyri. For.: Jóhann († 30/1 1884) Hav-

steen kaupmaður þar og k. h. Soffía Jakobína († $^{1}/_{8}$ 1881) dóttir Christens Thyrrestrup kaupmanns á Akureyri. Stúd. I. 1859 Rvík, cand. jur. II. $^{7}/_{6}$ 1866; 1870 aðstoðarmaður í íslenzku stjórnardeildinni í Kh., settur $^{9}/_{6}$ 1881 amtmaður í Norður- og Austuramtinu, v. $^{7}/_{5}$ 1884 það embætti, $^{4}/_{11}$ 1893 amtmaður í Suður- og Vestur-amtinu, lausn $^{1}/_{8}$ 1904. Skipaður $^{28}/_{9}$ 1904 forseti í amtsráði Suðuramtsins. R. af dbr. $^{24}/_{2}$ 1887, dbrm. $^{12}/_{9}$ 1894, $k^{2}$ $^{30}/_{1}$ 1902, $k^{1}$ $^{1}/_{8}$ 1904. »Officier de l' Instruction publique« 1902. K. ($^{12}/_{6}$ 1880) Johanne Margrethe dóttir Westengaards ofursta í Kh. *Kgk. þm. 1887–1891, 1899 og síðan.* F. e. d. 1905.

122. **Jörgen Peter Havsteen** f. 16. febr. 1812 í Hofsós. For.: Jakob († $^{2}/_{3}$ 1829) Nielsson Havsteen kaupm. þar og k. h. Maren († $^{3}/_{8}$ 1843) Jóhannsdóttir. Stúd. 1835 Bessast., cand. jur. I. $^{7}/_{11}$ 1840. Var síðan í rentukammerinu, $^{25}/_{4}$ 1845 sýslum. N.-Múl., $^{10}/_{5}$ 1850 amtmaður í Norður- og Austuramtinu, lausn $^{15}/_{9}$ 1870. † 24. júní 1875 í Skjaldarvík. K. 1. ($^{14}/_{8}$ 1847) Guðrún († $^{19}/_{4}$ 1851) Hannesdóttir próf. á Ytra-Hólmi Stephensens, k. 2. ($^{4}/_{9}$ 1851) Sigríður Ólafsdóttir justizráðs í Viðey Stephensens, k. 3. Kristjana Gunnarsdóttir prests í Laufási Gunnarssonar. *Kgk. þm. 1853.*

123. **Klemenz Jónsson** f. 27. ágúst 1862 á Akureyri. For.: Jón Jónsson Borgfirðingur bókfræðingur og k. h. Anna Guðrún († $^{10}/_{4}$ 1881) Eiríksdóttir b. á Vöglum Sigurðssonar. Stúd I. 1883 Rvík, cand. jur. I. $^{4}/_{6}$ 1888; síðan aðstoðarmaður í íslenzku stjórnardeildinni, $^{18}/_{4}$ 1892 sýslumaður í Eyf. og bæjarfógeti á Akureyri, $^{2}/_{3}$ 1904 landritari R. af dbr. $^{27}/_{1}$ 1904. K. ($^{6}/_{7}$ 1889) Þorbjörg († $^{30}/_{1}$ 1902) Stefánsdóttir sýslumanns í Árn. Björnssonar *1. þm. Eyf. 1893–1903.* F. n. d. 1901–1903.

124. **Kolbeinn Árnason** f. 25. nóv. 1806 í Kalmanstungu. For.: Á. Þorleifsson b. þar og k. h. Halldóra Kolbeinsdóttir pr. í Miðdal Þorsteinssonar. Bóndi á Brekkukoti 1831—1838, á Hofsstöðum í Hálsasveit 1838—1862. † 2. maí 1862 á Þingnesi á heimleið. K. ($^{20}/_{10}$ 1831) Ragnheiður Vigfúsdóttir pr. á Reynivöllum Eyjólfssonar. *Vþm. Borg. 1857.*

125. **Kristján Christiansson** f. 21. sept. 1806 á Þórðarstöðum í Fnjóskadal. Albróðir Benedikts próf. í Múla (11) og Jóns pr. á Breiðabólsstað (105). Stúd. 1826 Bessast., cand. jur. I. $^{9}/_{5}$ 1838. Var í rentukammerinu 1838—1840, settur land- og bæjarfógeti í Rvík $^{10}/_{5}$ 1843—$^{1}/_{6}$ 1844, $^{25}/_{4}$ 1845 sýslum í Sk. og fékk 1847 jafnframt umboð Þykkvabæjar-, Kirkjubæjar- og Flögujarða, $^{29}/_{9}$ 1848 2. yfirdómari í landsyfirréttinum, $^{10}/_{7}$ 1849 land- og bæjarfógeti, settur frá embætti $^{28}/_{9}$ 1851, en þjónaði þó embættinu þangað til í marz 1852, var síðan settur skrifstofustjóri í íslenzku stjórnardeildinni, $^{2}/_{2}$ 1854 sýslum. í Skagf., $^{8}/_{5}$ 1860 í Húnv. $^{18}/_{4}$ 1871 amtmaður í Norður- og Austur-amtinu, lausn $^{9}/_{6}$ 1881. † 13. maí 1882 á Akureyri. Kammerráð $^{8}/_{7}$ 1848, justizráð $^{26}/_{5}$ 1867, r. af dbr. $^{2}/_{8}$ 1874. K. ($^{5}/_{6}$ 1845) Ragnheiður († $^{14}/_{2}$ 1897) Jónsdóttir landlæknis Thorsteinsons. *Kgk. þm. 1849. 1. þfm. Rvík 1851.*

126. **Kristján Jónsson** f. 4. marz 1852 á Gautlöndum. For.: J. Sigurðsson (113) og k. h. Solveig Jónsdóttir. Stúd. I. 1870 Rvík, cand. jur. I. $^{1}/_{6}$ 1875; síðan skrifari landfóg., $^{16}/_{8}$ 1878 sýslum. í G.-K. $^{28}/_{7}$ 1886 2. yfirdómari í landsyfirréttinum, $^{16}/_{4}$ 1889 1. yfirdómari, jafnframt settur amtm. í Suður- og Vestur-amtinu $^{29}/_{9}$ 1891—$^{1}/_{7}$ 1894. Skipaður $^{22}/_{4}$ 1904 formaður í milliþinganefnd í kirkjumálum, en sagði því starfi af sér 1905. K. ($^{22}/_{10}$ 1880) Anna Þórarinsdóttir próf. Böðvarsonar. *Kgk. þm. 1893—1903.*

127. **Kristján Magnussen** f. 5. des. 1801 á Skarði. For.: Skúli († 14/7 1837) Magnússon sýslumaður í Dalasýslu og k. h. Kristín († 9/11 1851) Bogadóttir b. í Hrappsey Benediktssonar. Útskrif. 1823 af Helga Thordersen síðar biskupi, exam. jur. I. 2/5 1827; 24/5 1828 sýslum. í Snæf., 7/10 1837 í Dal., lausn 10/10 1859. † 3. júlí 1871 á Skarði á Skarðsströnd. Kammerráð 25/5 1848. K. (24/9 1830) Ingibjörg († 21/11 1899) Ebenezersdóttir sýslumanns Þorsteinssonar. *Vþm. Snæf. 1845, 1849.*

128. **Lárus** Kristján Ingvaldur **Bjarnason** f. 27. marz 1866 í Flatey. For.: Hákon († 2/4 1877) Bjarnason síðar kaupm. á Bíldudal og k. h. Jóhanna († 11/1 1896) Þorleifsdóttir próf. í Hvammi Jónssonar. Stúd. II. 1885 Rvík., cand. jur. I. 1/6 1891; 1/8 1891 settur málaflutningsmaður við landsyfirréttinn, 29/8 1892 settur sýslum. í Ísf., 30/5 1894 sýslum. í Snæf. og Hnappadalssýslu. Skipaður 23/4 1904 í milliþinganefnd í kirkjumálum og 28/9 1905 formaður hennar, skipaður 28/9 1904 forseti í amtsráði Vesturamtsins. R. af dbr. 8/11 1904. K. (8/8 1895) Elín († 20/8 1900) Pétursdóttir amtmanns Havsteens. *Þm. Snæf. 1901 og síðan.*

129. **Lárus** Þórarinn **Blöndal** f. 16. nóv. 1836 í Hvammi í Vatnsdal. Albróðir Jóns A. Blöndals (90). Stúd. I. 1857 Rvík, cand. jur. II. 19/6 1865; settur 28/8 1867 sýslum. í Dal., veitt hún 12/5 1868, 12/4 1877 sýslum. í Húnv., 20/2 1894 amtm. í N.- og Austur-amti, † 12. maí. 1894 á Kornsá. R. af dbr. 8/4 1891. K. (24/8 1857) Kristín Ásgeirsdóttir b. á Lambastöðum Finnbogasonar. *1. þm. Húnv. 1881—1885.*

130. **Lárus** Halldór **Halldórsson** f. 10. jan. 1851 á Hofi í Vopnafirði. For.: H. Jónsson próf. (66.) og f. k. h. Gunnþórunn Gunnlaugsdóttir. Stúd. I. 1870 Rvík, cand. theol. I. 1873 Rvík. Vígður

$^{18}/_{5}$ 1877, v. $^{17}/_{1}$ 1877 Valþjófsstaður, leystur frá emb. $^{28}/_{6}$ 1883, próf. í N.-Múl. 1879—1883, fríkirkjupr. í Reyðarfirði 1886—1899 og í Rvík 1899—1901. K. ($^{6}/_{5}$ 1876) Kirstín Pétursdóttir organleikara Guðjohnsens. *2. þm. S.-Múl. 1886—1891.*

131. **Lárus** Michael **Johnsen** f. 10. okt. 1819 í Rvík. For.: Sigmundur († 1826) Johnsen trésm. þar og k. h. Birgitta Halldórsdóttir b. í Selvogi Þórðarsonar. Stúd. 1844 Bessast. Vígður $^{18}/_{6}$ 1848, v. $^{24}/_{12}$ 1847 Holt í Önundarfirði, $^{30}/_{10}$ 1854 Skarðsþing, próf. í V.-Ísf. 1851—1854. † 12. jan. 1859 í Dagverðarnesi. K. ($^{28}/_{5}$ 1849) Katrín († $^{28}/_{12}$ 1897) Þorvaldsdóttir umboðsmanns í Hrappsey Sivertsens. *1. þfm. Ísf. 1851.*

132. **Lauritz** Edvard **Sveinbjörnsson** f. 30. ágúst 1834 í Rvík. For.: Edvard Thomsen síðar kaupmaður í Vestmannaeyjum og Kirstín Lárusdóttir kaupmanns í Rvík Knudsens; kjörsonur Þórðar Sveinbjörnssonar (204). Stúd. I. 1855 Rvík, cand. jur. I. $^{15}/_{6}$ 1863; settur sýslumaður í Árn. 1866—1868, $^{11}/_{10}$ 1867 sýslum í Þing., $^{14}/_{2}$ 1874 bæjarfógeti í Rvík, $^{12}/_{4}$ 1878 2. yfirdómari landsyfirréttarins, $^{28}/_{7}$ 1886 1. yfirdómari, $^{16}/_{4}$ 1889 háyfirdómari. R. af. dbr. $^{24}/_{2}$ 1891, dbrm. $^{5}/_{1}$ 1899, k² $^{28}/_{7}$ 1904. K. ($^{26}/_{8}$ 1868) Jörgína Margrét Sigríður Guðmundsdóttir kaupmanns á Eyrarbakka Thorgrímsens. *Kgk. þm. 1885—1897.*

133. **Magnús Andrésson** f. 10. nóv. 1790 á Efra-Seli í Hrunamannahreppi. For.: A. († $^{1}/_{9}$ 1826) Narfason b. þar og k. h. Margrét († $^{19}/_{8}$ 1826) Ólafsdóttir b. í Efra-Seli Magnússonar. Bóndi á Berghyl 1818—1832, Syðra-Langholti 1832—1856. † 30. júní 1869 á Kópsvatni. K. ($^{30}/_{9}$ 1817) Katrín († $^{19}/_{5}$ 1866) Eiríksdóttir b. á Reykjum á Skeiðum Vigfússonar. *Þm. Árn. 1853—1863.*

134. **Magnús Andrésson** f. 30. júní 1845 á Syðra-Langholti í Ytrihrepp. For.: A. († $^{28}/_{8}$ 1857) Magnússon b. þar og k. h. Katrín Eyjólfsdóttir b. á Snorrastöðum Þorleifssonar. Stúd. I. 1875 Rvík, cand. theol. I. 1877 Rvík. Vígður $^{26}/_{8}$ 1881, v. $^{17}/_{6}$ 1881 Gilsbakki, próf. í Mýr. 1884—1892. Skipaður $^{8}/_{1}$ 1905 í milliþinganefnd í fátækramálum. R. af dbr. $^{7}/_{4}$ 1905. K. Sigríður Pétursdóttir b. á Höfn í Melasveit Sivertsens. *2. þm. Árn. 1881—1885, þm. Mýr. 1901 og síðan.*

135. **Magnús Austmann** f. 12. apríl 1814 á Felli í Mýrdal. For.: Jón († $^{20}/_{8}$ 1858) Jónsson Austmann síðar pr. í Vestmannaeyjum og k. h. Þórdís († $^{8}/_{5}$ 1859) Magnúsdóttir klausturhaldara í Þykkvabæ Andréssonar. Stúd. 1839 Bessast. Bóndi á Vilborgarstöðum í Vestmannaeyjum 1845—1847, Nýjabæ í Vestmannaeyjum 1847—1859. † 15. maí 1859 í Nýjabæ. K. ($^{28}/_{12}$ 1844) Kristín Einarsdóttir b. á Vilborgarstöðum Sigurðssonar. *Þfm. Vestm. 1851.*

136. **Magnús Gíslason** f. 9. júní 1814 á Signýjarstöðum í Hálsasveit. For.: G. († $^{8}/_{9}$ 1836) Guðmundsson pr. í Hítarnesþingum og k. h. Ragnhildur († $^{24}/_{1}$ 1856) Gottskálksdóttir b. á Efra-Ási í Hjaltadal Jónssonar. Stúd. 1837 Bessast. Var síðan um hríð skrifari Bjarna amtm. Thorsteinssons á Stapa, og Lunds sýslumanns í Vogi, var síðan oft settur sýslum. í Mýr., Ísf. og Dal. Umboðsmaður Barðastrandar- og Álftafjarðar-jarða 1848—1857. † 5. júní 1867 á Hrafnabjörgum ytri í Hörðudal. K. ($^{4}/_{10}$ 1855) Helga Ámundadóttir smiðs á Kirkjubóli Halldórssonar. *2. þfm. Mýr. 1851.*

137. **Magnús Jónsson** f. 2. ágúst 1807 á Drumboddsstöðum. Albróðir Jóns Johnsens (97). Bóndi á Felli í Biskupstungum 1833—1835, Austur-

hlíð 1835—1861, Bráðræði við Rvík 1861—1889. Um tíma jafnframt form. verzl.fél. Seltirninga og síðar kaupmaður í Rvík. † 28. maí 1889 í Bráðræði. Dbrm. $^{3}/_{8}$ 1874. K. ($^{6}/_{6}$ 1833) Guðrún († $^{24}/_{5}$ 1882) Jónsdóttir pr. á Breiðabólsstað Hjaltalíns. *Þm. Rvík. 1865—1867.*

138. **Magnús** Júlíus **Kristjánsson** f. 18. apríl 1862 á Akureyri. For.: Kr. († $^{10}/_{10}$ 1898) Magnússon þurrabúðarmaður þar og k. h. Kristín († $^{28}/_{3}$ 1885) Bjarnadóttir b. á Fellsseli í Köldukinn Jónssonar. Nam fyrst beykisiðn, gerðist síðan verzlunarmaður á Akureyri og síðast kaupmaður þar. K. Dómhildur Jóhannsdóttir smiðs á Akureyri Jónssonar. *Þm. Ak. 1905*

139. **Magnús Stephensen** f. 13. janúar 1797 á Ytra-Hólmi. Albróðir Hannesar próf. Stephensens (71). Útskrif. 1816 af Árna próf. Helgasyni, cand. jur. II. $^{18}/_{4}$ 1821. Settur $^{22}/_{9}$ 1823 sýslum. í Sk., veitt hún $^{10}/_{5}$ 1825, $^{16}/_{5}$ 1850 sýslum. Rang., lausn $^{6}/_{12}$ 1857. † 15. apríl 1866 í Vatnsdal í Fljótshlíð. Kammerráð $^{16}/_{5}$ 1850, justizráð $^{6}/_{12}$ 1857. K. ($^{6}/_{5}$ 1828) Margrét († $^{18}/_{1}$ 1866) Þórðardóttir próf. á Felli í Mýrdal Brynjólfssonar. *2. þfm. Rang. 1851.*

140. **Magnús Stephensen** f. 18. okt. 1836 á Höfðabrekku í Mýrdal. For.: Magnús Stephensen sýslumaður (139) og k. h. Margrét Þórðardóttir. Stúd. I. 1855 Rvík, cand. jur. I. $^{4}/_{6}$ 1862; $^{8}/_{5}$ 1865 aðstoðarmaður í dómsmálastjórninni, $^{18}/_{4}$ 1871 2. yfirdómari landsyfirréttarins, $^{7}/_{11}$ 1877 1. yfirdómari, $^{10}/_{4}$ 1886 landshöfðingi, lausn $^{27}/_{1}$ 1904. Skipaður $^{10}/_{11}$ 1875 form. í milliþingan. í skattamálum. R. af dbr. $^{24}/_{5}$ 1877, dbrm. $^{24}/_{2}$ 1887, k$^{2}$ $^{8}/_{2}$ 1891, k$^{1}$ $^{28}/_{4}$ 1901, stórkross $^{27}/_{1}$ 1904; riddari heiðursfylkingarinnar frönsku 1891. K. ($^{18}/_{10}$1878) Elín Jónasd.

sýslumanns Thorstensons. *Kgk. þm 1877—1886, 2. þm. Rang. 1903 og síðan.* F. s. þ. 1883, n. d. 1905.

141. Hans **Magnús Torfason** f. 12. maí 1868 í Rvík. For.: T. Magnússon veitingamaður þar og k. h. Jóhanna Friðrika Sigríður Pétursdóttir kaupmanns í Vestmannaeyjum Bjarnasonar. Stúd. I. 1889 Rvík, cand. jur. I. $^{18}/_{2}$ 1894; $^{26}/_{9}$ 1895 sýslumaður í Rang, $^{12}/_{6}$ 1904 sýslum. í Ísf. og bæjarfógeti í Ísfjk. K. ($^{22}/_{7}$ 1895) Camilla Stefánsdóttir sýslumanns Bjarnarsonar. *2. þm. Rang. 1901.*

142. **Ólafur** Eggert **Briem** f. 29. nóv. 1808 á Kjarna í Eyjafirði. Albróðir Eggerts sýslumanns Briems (33) og Jóhanns próf. Briems (86). Nam trésmíði í Kh. 1825—1831. Bóndi á Grund í Eyjafirði 1838—1859. † 15. janúar 1859 á Grund. K. ($^{14}/_{7}$ 1838) Dómhildur († $^{25}/_{5}$ 1858) Þorsteinsdóttir b. á Stokkahlöðum Gíslasonar. *2. þfm. Eyf. 1851.*

143. **Ólafur Briem** f. 28. jan. 1851 á Espihóli. Albróðir Eiríks Briems (44) og Gunnlaugs Briems (61). Stúd. I. 1870 Rvík. Síðan um hríð forráðamaður fyrir búi föður síns, bóndi á Frostastöðum, en síðar á Álfgeirsvöllum; $^{31}/_{1}$ 1888 umboðsmaður Reynistaðaklausturs. K. Halldóra Pétursdóttir b. á Álfgeirsvöllum Pálmasonar. *1. þm. Skagf. 1886 og síðan.* F. s. þ. 1895.

144. **Ólafur** Friðrik **Davíðsson** f. 25. marz 1858 á Akureyri. For.: D. († $^{29}/_{9}$ 1899) Sigurðsson verzlunarmaður þar og k. h. Guðríður († $^{4}/_{2}$ 1903) Jónasdóttir b. á Rúgsstöðum í Eyjafirði Jónssonar. Verzlunarmaður á Húsavík 1877—1884, á Djúpavogi 1884—1891, á Vopnafirði 1891—1893, verzlunarstjóri á Vopnafirði 1893—1904, skipaður $^{11}/_{5}$ 1904 bókari við Landsbankann í Rvík. K. ($^{9}/_{7}$ 1893) Stefanía Þorvarðardóttir b. á Fagurhólsmýri Gíslasonar. *1. þm. N.-Múl. 1902.*

145. **Ólafur Johnsen** f. 8. jan. 1809 í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi. For.: Einar († 10/8 1839) Jónsson stúdent, síðar kaupmaður í Rvík og k. h. Ingveldur († 22/4 1837) Jafetsdóttir í Reykjavík Illugasonar. Útskrifaður 1831 af Árna próf. Helgasyni, cand. theol. 25/4 1837 Kh. Vígður 27/8 1837, v. 18/6 1837 Breiðabólstaður á Skógarströnd, 6/11 1840 Staður á Reykjanesi, lausn 20/3 1884. Próf. í Barð. 1861—1878. † 17. apríl 1885 á Stað á Reykjanesi. R. af dbr. 29/4 1884 K. (1837) Sigríður († 26/5 1875) Þorláksdóttir pr. í Móum á Kjalarnesi Loftssonar. *2. þfm. Barð. 1851.*

146. **Ólafur Jónsson** f. 5. okt. 1811 á Ytrahóli á Skagaströnd. Albróðir Halldórs próf. Jónssonar (66). Bóndi á Stóru-Giljá 1837—1844, Sveinsstöðum í Þingi 1844—1873. † 20. okt. 1873 á Sveinsstöðum. Dbrm. 6/10 1854. K. (31/7 1835) Oddný Ólafsdóttir b. á Litlu-Giljá Björnssonar. *Þm. Húnv. 1859—1861.*

147. **Ólafur Ólafsson** f. 24. septemb. 1855 í Viðey. For.: Ó. Ólafsson síðar bæjarfulltrúi í Rvík og f. k. h. Ragnheiður († 1882) Þorkelsdóttir b. í Norðurhjáleigu Gíslasonar. Stúd. I. 1877 Rvík, cand. theol. I. 1880 Rvík. Vígður 22/8 1880, v. 20/8 1880 Selvogur, 15/8 1884 Guttormshagi, 7/4 1893 Arnarbæli, lausn 9/8 1902; fríkirkjupr. í Rvík síðan 1903. K (7/9 1880) Guðrún Guðmundsdóttir pr. í Arnarbæli Johnsens. *2. þm. Rang. 1891, þm. A.-Sk. 1901, 2. þm. Árn. 1903 og síðan.*

148. **Ólafur Pálsson** f. 7. ágúst 1814 á Ásum í Skaftártungu. For.: P. († 14/9 1823) Ólafsson síðar pr. í Guttormshaga og k. h. Kristín Þorvaldsdóttir próf. í Holti Böðvarssonar. Stúd. 1834 Bessast., cand. theol. 22/4 1842 Kh. Vígður 7/5 1843, v. 27/4 1843 Reynivellir, 8/12 1846 Holt undir Eyjafjöllum, en fór þangað eigi, 18/4 1847 Stafholt, 10/9

1854 Rvík, $^{22}/_{5}$ 1871 Melstaður í Miðfirði. Próf. í Mýr. 1851—1854, Kjalarnesþingi 1856—1871 og Húnv. 1872—1876. † 4. ágúst 1876 á Melstað. R. af dbr. $^{29}/_{9}$ 1866. K. ($^{15}/_{5}$ 1843) Guðrún († $^{19}/_{9}$ 1899) Ólafsdóttir jústizráðs í Viðey Stephensens. *Kgk. þm. 1867—1871 og 1875.*

149. **Ólafur Pálsson** f. 13. febrúar 1830 í Hörgsdal. For.: P. Pálsson próf. (158) og f. k. h. Matthildur Teitsdóttir. Bóndi á Hörgslandi 1853—1866, Höfðabrekku 1866—1894. Umboðsmaður Þykkvabæjar-, Kirkjubæjar- og Flögujarða 1879—1894. Druknaði 15. jan. 1894 í Múlakvísl. K. ($^{24}/_{10}$ 1850) Sigurlaug († 1866) Jónsdóttir umboðsmanns í Vík Jónssonar. *Þm. V.-Sk. 1881—1891.*

150. **Ólafur Sigurðsson** f. 19. sept. 1822 á Ási í Hegranesi. For.: S. († $^{28}/_{8}$ 1857) Pétursson b. í Ási og k. h. Þórunn Ólafsdóttir b. á Vindhæli Sigurðssonar. Bóndi í Ási í Hegranesi. Umboðsmaður Reynistaðarklausturs 1869—1888. K. Sigurlaug († $^{20}/_{7}$ 1905) Gunnarsdóttir b. á Skíðastöðum Gunnarssonar. *Þm. Skagf. 1865—1867.*

151. **Ólafur Sivertsen** f. 24. maí 1790 á Núpi í Haukadal. For.: Sigurður († $^{11}/_{6}$ 1826) Sigurðsson síðar b. á Fjarðarhorni í Hrútafirði og k. h. Katrín († $^{26}/_{1}$ 1819) Þorvaldsdóttir b. á Þingvöllum í Helgafellssveit Jónssonar. Útskrifaður 1816 af Páli Hjálmarssyni presti á Stað á Reykjanesi. Vígður $^{30}/_{7}$ 1823, v. $^{20}/_{7}$ 1823 Flatey. Próf. í Barð. 1842—1861. † 27. maí 1860 í Flatey. R. af dbr. $^{1}/_{1}$ 1859 K. ($^{6}/_{10}$ 1821) Jóhanna Friðrika († $^{28}/_{8}$ 1865) Eyjólfsdóttir prests á Eyri við Skutilsfjörð Kolbeinssonar. *Þm. Barð. 1853—1857.*

152. **Ólafur Jón Thorlacius** f. 11. marz 1869 í Saurbæ í Eyjafirði. For.: Jón Thorlacius prestur þar og s. k. h. Kristín Rannveig Tómasdóttir b.

á Steinsstöðum Ásmundssonar. Útskrifaður 1883 úr Möðruvallaskóla. Stúd. I. 1889 Rvík, cand med. & chir II. 1896 Rvík 28/9 1897 aukalæknir í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum, settur 9/7 1898 héraðslæknir í 15. læknishéraði, v. 6/4 1900 Berufjarðarhérað. K. (2/9 1898) Ragnhildur Pétursdóttir kaupm. frá Akureyjum Eggerz. *1. þm. S.-Múl. 1903 og síðan.*

153. **Páll** Jakob **Briem** f. 19. okt. 1856 á Espihóli. Albróðir Eiríks Briems (44) Gunnlaugs Briems (61) og Ólafs Briems (143). Stúd. I. 1878 Rvík, cand. jur. I. 5/6 1884, 5/11 1886 sýslumaður í Dal. lausn 25/5 1887, skipaður 26/5 1887 málaflutningsm. við landsyfirréttinn, 21/6 1890 sýslum. í Rang., 12/9 1894 amtm. í Norður- og Austuramti, lausn 1/8 1904; skipaður s. á. lögfræðislegur gæzlustjóri Íslands banka. † 17. des. 1904 í Rvík. Skipaður 18/11 1901 form. milliþinganefndar í fátækramálum. R. af dbr. 5/1 1899, dbrm. 1/8 1904. K. 1. (19/3 1886) Kristín († 24/10 1887) Guðmundsdóttir b. á Auðnum Guðmundssonar; k. 2. (21/6 1895) Álfheiður Helgadóttir lektors Hálfdánarsonar. *Þm. Snæf. 1887—1891.*

154. **Páll Melsted** f. 31. marz 1791 á Völlum í Svarfaðardal. For.: Þórður († 25/10 1814) Jónsson pr. þar og k. h. Ingibjörg Jónsdóttir pr. á Melstað Guðmundssonar. Stúd. 1809 Bessast., exam. jur. I. 1815, 10/9 1815 sýslum. í S.-Múl., 17/5 1817 N.-Múl., 24/2 1835 Árn. 12/5 1849 amtmaður í Vesturamtinu † 9. maí 1861 í Stykkishólmi Kammerráð 8/5 1832, r. af dbr. 10/6 1841, jústizráð 8/7 1848, dbrm. 21/9 1851, k². 14/7 1859. K. 1. (2/11 1815) Anna Sigríður († 8/6 1844) Stefánsdóttir amtmanns Þórarinssonar; k.2.(5/9 1846) Ingileif († 12/8 1894) Jónsdóttir prests í Klaustur-

hólum Bachmanns. *Kgk. þm. 1847, Kgk. þfm. 1851 F. þf.* 1851.

155. **Páll Melsted** f. 13. nóv. 1812 á Möðruvöllum. For.: Páll Melsted (154) og f. k. h. Anna Stefánsdóttir. Stúd. 1834 Bessast., las síðan lög við háskólann. Bóndi á Brekku á Álftanesi 1840—1844; settur sýslum. í Snæf. 1849—1854; exam. jur. II. $^{28}/_{1}$ 1857; gegndi sýslumannsverkum í G.-K. 1858—1862, málaflutnm. við landsyfirréttinn 1862—1885. Kennari við latínuskólann 1866—1893. R. af dbr. $^{27}/_{9}$ 1892. K. 1. ($^{30}/_{12}$ 1840) Jórunn († $^{21}/_{8}$ 1858) Ísleifsdóttir yfirdómara Einarssonar; k. 2. ($^{18}/_{11}$ 1859) Þóra Grímsdóttir amtm. Jónssonar. *1. þfm. Snæf. 1851, þm. Snæf. 1859—1863.*

